Vörður

Ársreikningur samstæðu

Fyrir árið 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda 2

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra 5

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 8

Efnahagsreikningur 9

Eiginfjáryfirlit 10

Sjóðstreymi 11

Skýringar 12

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð 44

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf - óendurskoðuð 49

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Varðar trygginga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Varðar trygginga hf. fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Verði tryggingum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Verði tryggingum hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Mat á skuldbindingu vegna orðinna tjóna	
Skuldbinding vegna orðinna tjóna nam 18.696 milljónum króna í árslok 2025 og er um 72% af skuldum samstæðunnar. Mat á skuldbindingu vegna orðinna tjóna felur í sér mat á hverjum uppgjörstíma en liðurinn byggir á tryggingafræðilegu mati. Mat á skuldbindingu vegna orðinna tjóna er háð gæðum undirliggjandi gagna, þar á meðal flóknu mati um farmtíðarþróun atburða og getur smávægileg breyting á forsendum breytt fjárhæð skuldbindingar vegna orðinna tjóna verulega. Skuldbinding vegna orðinna tjóna er verulegur liður í reikningskilum samstæðunnar. Vegna flækjustigs og umfangs matskenndra þátta við útreikning á skuldbindingu vegna orðinna tjóna er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar. Frekari upplýsingar um skuldbindingu vegna orðinna tjóna samstæðunnar má sjá í skýringu 20 með samstæðuársreikningnum.	Endurskoðunaraðgerðir okkar voru miðaðar að því að leggja mat á ferla, upplýsingakerfi og eftirlit tengt skráningu tjóna og mat á opnum tjónum í lok árs. Prófanir voru gerðar á innra eftirliti samstæðunar vegna skráningar tjóna, mat á bótaskyldu og utanumhald opinna tjóna í lok árs. Lagt var mat á virkni eftirlitsþátta í upplýsingakerfum sem tengjast tjónaskráningu, ásamt prófunum á öðrum mikilvægum eftirlitsþáttum tengdum skuldbindingu vegna orðinna tjóna. Framkvæmdar voru gagnaendurskoðunaraðgerðir með það að markmiði að sannreyna nákvæmni og heild skuldbindingar vegna orðinna tjóna. Úrtaksprófanir voru framkvæmdar á opnum tjónum í árslok til að staðfesta að tilvist og mat tjónsins sé viðeigandi og réttmæti greiðslna á tjónum. Lagt var mat á hvort fyrstu áætlanir við tjónamat væru viðeigandi þegar nákvæmar upplýsingar lágu hugsanlega ekki fyrir. Tryggingastærðfræðingar Deloitte lögðu mat á aðferðarfræði, forsendur og útreikninga á besta mati skuldbindingar vegna orðinna tjóna með það að markmiði að tryggja að aðferðarfræðin sé í samræmi við kröfur IFRS 17. Við höfum farið yfir hvort skýringar í samstæðuársreikningnum séu fullnægjandi og í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnháttaryfirlýsingu og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um samstæðuársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Varðar trygginga hf. ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðra endurskoðenda

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

• Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur samstæðunnar hefur Deloitte veitt samstæðunni ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem aðra staðfestingarvinnu og skattaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Endurskoðunarnefnd Varðar trygginga hf. hefur einnig ferla til að samþykkja önnur verkefni áður en þau hefjast. Endurskoðunarnefndin metur jafnframt óhæði endurskoðendanna árlega til að tryggja óhæði og hlutlægni þeirra.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Varðar trygginga hf. á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2025. Deloitte hefur verið endurskoðandi Varðar trygginga hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 2017.

Kópavogi, 24. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Varðar trygginga hf. („samstæða“ eða „Vörður“) fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Aðalstarfsemi samstæðunnar felst í vátryggingarekstri og fjárfestingum en Vörður er alhliða vátryggingafélag á sviði skaða- og líftrygginga sem hefur það hlutverk að vera til staðar fyrir samfélagið og veita fólki hugarró með nýrri og skapandi hugsun.

Rekstur ársins 2025

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 2.037 millj. kr. og arðsemi eigin fjár var 13,7%.

Tryggingarekstur Varðar gekk vel á árinu 2025 og voru bæði tjóna- og kostnaðarhlutföll hagstæð sem skilar samsettu hlutfalli vel undir markmiði ársins. Vöxtur vátryggingatekna nam 6% á árinu og er markaðshlutdeild félagsins óbreytt frá fyrra ári, um 19%. Viðskiptavinir voru orðnir 71 þús. talsins í árslok, þar af um 7 þús. fyrirtæki. Afkoma af vátryggingastarfsemi nam 2.125 millj. kr. og er nánast sú sama og á árinu 2024 þegar hún var 2.189 millj. kr.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi var undir markmiðum þrátt fyrir góðan sprett á síðustu vikum ársins. Ávöxtun var neikvæð á innlendum hlutabréfum og vaxtalækkanir á skuldabréfum skiluðu sér ekki eins og áætlað var. Afkoma af fjárfestingastarfsemi nam 525 millj. kr. samanborið við 2.197 millj. kr. á árinu 2024.

Þann 31. desember 2025 námu heildareignir samstæðunnar 39.189 millj. kr. Eigið fé í árslok 2025 nam 13.399 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 34,2%. Gjaldþolshlutfall (SCR) í samræmi við Solvency II nam 155,2% í árslok, sjá nánari umfjöllun í skýringu 25 um gjaldþol.

Laun og tengd gjöld námu 1.587 millj. kr. að meðtöldum kostnaði vegna áætlaðs kaupauka. Meðalfjöldi ársverka á árinu 2025 var 74,8 samanborið við 67,0 á árinu 2024. Hlutföll kynja eru þannig að konur eru 57% starfsmanna en karlar 43%. Stjórnendahópurinn skiptist í 53% konur og 47% karla. Stjórn Varðar samþykkti í desember 2024 viðmið kaupaukakerfis sem gilti fyrir árið 2025. Kerfið er að mestu samhljóða kaupaukakerfi móðurfélagsins, Arion banka, en með ákveðnum markmiðum tengdum vátryggingastarfseminni. Kerfið er tvíþætt og sé skilyrðum mætt getur meginþorri starfsfólks fengið allt að 10% af föstum árslaunum 2025 í kaupauka en takmarkaður hópur getur fengið allt að 25% af föstum árslaunum, að mestu í formi hlutabréfa eða kauprétta á hlutabréfum í Arion banka, þó þannig að afhendingu hluta þeirra er frestað í fjögur eða fimm ár. Bréf sem afhent eru strax verða ekki laus til ráðstöfunar fyrr en að þremur árum liðnum. Ráðandi þáttur um greiðslu kaupauka vegna ársins 2025 tengist árangri samstæðu Arion banka í arðsemi eiginfjár í samanburði við helstu samkeppnisaðila bankans.

Framtíðarhorfur

Stefnumótun til næstu ára byggir á þeirri sýn samstæðu Arion banka að vera saman best í að mæta þörfum viðskiptavina okkar – leiðandi fyrirtæki sem eru drifkraftur árangurs. Vörður hefur einsett sér að vera leiðandi í forvörnum, vera til staðar fyrir samfélagið og tryggja betri vernd með nýrri nálgun þannig að fleiri geti notið verndar. Lykilþættir í stefnunni eru framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini með aukinni sjálfvirkni og bættri upplifun, gagnsæi í verðlagningu og að vera leiðandi í vöruvali sem mætir breyttum þörfum.

Hjá Verði vinnur hæfileikaríkt fólk sem í sameiningu hefur mikla þekkingu á tryggingum en einnig reynslu af öðrum sviðum sem kemur sér vel fyrir félagið. Vörður er því vel í stakk búinn til að mæta áskorunum framtíðarinnar, sem eru margs konar og spennandi.

Hlutafé

Hlutafé í árslok nam 1.368 millj. kr. og er óbreytt frá upphafi árs. Í árslok voru tveir hluthafar, Arion banki hf. á allt hlutafé að undanskildum einum hlut sem er í eigu Varðar líftrygginga hf. og er það óbreytt frá lokum fyrra árs.

Á hluthafafundi í desember var tekin ákvörðun um að greiða 2.500 millj. kr. í arð til eiganda. Stjórn Varðar leggur til að ekki verði greiddur frekari arður til eigenda félagsins vegna rekstrarársins 2025 og að hagnaður ársins verði færður á óráðstafað eigið fé.

Áhættustýring

Megináhættur í rekstri Varðar eru vátryggingaráhætta og fjárhagsleg áhætta. Áhættustýring er lykilsvið í starfsemi Varðar. Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í greiningu verulegrar áhættu, mælingu á áhættu, aðgerðum til þess að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta. Áhættustýringarferlið og geta til að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja arðsemi, svo og til að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðunandi marka. Stjórn ber endanlega ábyrgð á áhættustýringarkerfi félagsins og ber að tryggja að viðunandi áhættustefnur og stjórnarhættir séu ákvarðaðir til þess að fylgjast með áhættuþáttum. Áhættustýringu, uppbyggingu hennar og helstu áhættuþáttum er lýst í skýringu 30 í ársreikningnum.

Stjórnarhættir

Stjórn Varðar leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins eins og þær eru á hverjum tíma. Lög um vátryggingastarfsemi og lög um hlutafélög innihalda einnig sérreglur um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag sem ganga í einhverjum tilvikum lengra en leiðbeiningarnar.

Vörður hefur árlega frá árinu 2019 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Stjórnvísi sem byggir á líkani sem kallast Stjórnarháttademanturinn og var þróað hjá Rannsóknarmiðstöð HÍ um stjórnarhætti. Leiðarljós Varðar er að stjórnarhættir félagsins eigi að vera í stöðugri þróun og að starfsemin endurspegli ávallt góða og gegna stjórnarhætti.

Í stjórn Varðar eru fimm stjórnarmenn, þrjár konur og tveir karlar. Stjórnin uppfyllir skilyrði sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi. Tvær undirnefndir stjórna eru starfandi, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, en nefndunum er ætlað að auka skilvirkni og bæta verklag stjórna í þeim málefnum sem stjórn ber að annast.

Áhættustýring og innra eftirlit hefur verið hannað með það að markmiði að tryggja áreiðanleika upplýsinga sem fram koma í ársreikningi og öðrum birtum upplýsingum um rekstur og starfsemi samstæðunnar. Endurskoðunarnefnd félagsins fjallar um og hefur eftirlit með upplýsingagjöf og fylgir eftir áhættustýringu og niðurstöðum innri og ytri endurskoðenda.

Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga og vátryggingastarfsemi, hefur stjórn Varðar útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem er að finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og er jafnframt í ársskýrslu félagsins á heimasíðu þess.

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Stefna Varðar er að starfa af heilindum í sjálfbærnimálum og stuðla að jákvæðum áhrifum á hagaðila. Áhersla er lögð á að greina og lágmarka bein og óbein áhrif á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti, meðal annars með stuðningi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Tryggingar eru mikilvægur liður í fjárhagslegu heilbrigði og hefur Vörður einsett sér að vera fremst í forvörnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki með markvissum og tímanlegum skilaboðum sem og fyrirtækjaráðgjöf.

Vörður starfar samkvæmt samþykktum stefnum á sviði umhverfis-, samfélags- og stjórnarhátta og vinnur samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum innan samstæðu Arion banka. Lögð er áhersla á ábyrga viðskiptahætti, gagnsæi og heilindi í allri upplýsingagjöf.

Umhverfisþættir

Vörður leggur áherslu á að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Horft er til skuldbindinga Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagssáttmálum. Samstæðan styður metnaðarfull áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040. Stærsta áhætta starfseminnar í tengslum við loftslagsbreytingar felst í eigna- og tryggingasöfnum hennar.

Félagslegir þættir

Mannauðsstefna Varðar, sem er sameiginleg fyrir Arion samstæðuna, hefur sex meginþemu sem kjarna áherslur samstæðunnar: Rétta fólkið, stöðug þróun og fræðsla, árangursdrifin menning, ánægja, líðan og samskipti, öflug forysta, og skýr sýn í jafnréttismálum. Markmiðið er að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk og efla það í faglegum og persónulegum vexti.

Samhliða því að byggja upp sterka og styðjandi vinnustaðamenningu leggur Vörður áherslu á að áhrif félagsins nái einnig út fyrir eigin starfsemi og til samfélagsins í heild. Við lítum svo á að ábyrgð okkar í mannauðsmálum og velferð snúi ekki einungis að starfsfólki heldur einnig að þeim samfélögum sem við erum hluti af og þjónustum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Vörður setur sér mælanleg markmið til þess að fylgja eftir framkvæmd stefnu sinnar í sjálfbærnimálum og er árangurinn birtur árlega í sjálfbærniskýrslu félagsins sem unnin er samkvæmt UFS leiðbeiningum Nasdaq Iceland. Í henni er m.a. fjallað um stefnu Varðar í mannréttindamálum og varnir gegn spillingar- og mútumálum. Einnig er fjallað um stefnu í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum og áhættur, markmið og árangur í þeim málaflokkum. Skýrslan inniheldur áskilin eyðublöð flokkunarkerfis Evrópusambandsins og er í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og í ársskýrslu félagsins á heimasíðu þess, vordur.is.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur samstæðu Varðar trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2025 og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2025. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem hún býr við.

Stjórn og forstjóri Varðar trygginga hf. hafa í dag farið yfir ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund Varðar að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 24. febrúar 2026

Stjórn Varðar trygginga hf.:

Benedikt Olgeirsson, stjórnarformaður

Auður Björk Guðmundsdóttir

Guðný Benediktsdóttir

Ólafur Hrafn Höskuldsson

Steinunn Kristín Þórðardóttir

Forstjóri:

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 2025

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	2025	2024
Vátryggingatekjur		20.780.469	19.692.392
Kostnaður af vátryggingastarfsemi	8	(18.416.257)	(17.472.769)
Afkoma af vátryggingastarfsemi fyrir endurtryggingar	6	**2.364.212**	**2.219.623**
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum		(738.622)	(843.415)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		499.481	812.791
Afkoma af endurtryggingarsamningum	15	**(239.141)**	**(30.624)**
Afkoma af vátryggingastarfsemi		**2.125.071**	**2.188.999**
Fjárfestingatekjur		1.920.701	3.562.939
Vaxtatekjur og gengismunur		3.122	1.292
Vaxtagjöld		(100.674)	(108.867)
Kostnaður af fjárfestingastarfsemi		(215.060)	(195.512)
Hreinar fjáreignatekjur	11	**1.608.089**	**3.259.852**
Fjármagnsliðir vátrygginga		(1.123.459)	(1.081.410)
Fjármagnsliðir endurtrygginga		40.262	18.359
Afkoma fjármagnsliða trygginga	11	**(1.083.197)**	**(1.063.051)**
Afkoma af fjárfestingastarfsemi		**524.892**	**2.196.801**
Aðrar tekjur		9.240	10.740
Hagnaður fyrir tekjuskatt		**2.659.203**	**4.396.540**
Tekjuskattur	12	(622.132)	(721.419)
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		**2.037.071**	**3.675.121**
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	13	1,49	2,69

Skýringar númer 1 - 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýr.	2025	2024
Handbært fé		399.641	768.966
Fjárfestingareignir	14	36.277.016	35.790.132
Endurtryggingaeignir	15	644.967	675.395
Kröfur og aðrar eignir	16	1.571.623	1.269.303
Viðskiptavild	17	205.956	205.956
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	18	89.669	145.632
Eignir samtals		**39.188.872**	**38.855.384**

Skuldir			
Vátryggingaskuld	20	22.435.460	21.501.926
Leiguskuldbinding	21	10.496	69.385
Tekjuskattsskuldbinding	19	26.683	26.708
Víkjandi lán	22	1.371.979	1.322.995
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	23	1.342.868	1.498.025
Tekjuskattur til greiðslu	19	602.648	657.402
Skuldir samtals		25.790.134	25.076.441

Eigið fé		
Hlutafé	1.367.812	1.367.812
Yfirverðsreikningur hlutafjár	3.122.232	3.122.232
Bundið eigið fé	3.284.569	4.092.309
Óráðstafað eigið fé	5.624.125	5.196.590
Eigið fé samtals	13.398.738	13.778.943

Skuldir og eigið fé samtals	**39.188.872**	**38.855.384**

Skýringar númer 1 - 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit 2025

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Árið 2025	Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Bundnir varasjóðir: Lögbundinn varasjóður	Bundnir varasjóðir: Óinnleystur hagnaður dótturfél.	Bundnir varasjóðir: Óinnleyst gangvirði	Varasjóður kaupréttar og -auka	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.		1.367.812	3.122.232	341.953	1.964.218	1.760.972	25.165	5.196.590	13.778.943
Greiddur arður	24							(2.500.000)	(2.500.000)
Hagnaður og heildarafkoma ársins								2.037.071	2.037.071
Bundið vegna frestaðs kaupauka	9						53.343	20.024	73.367
Bundið vegna óinnleysts gangvirðis						(434.192)		434.192	-
Bundið vegna kauprétta á hlutum í Arion banka							(6.161)	15.518	9.357
Bundið vegna óinnleysts hagnaðar dótturfélags					1.179.270			(1.179.270)	-
Innleystur hagnaður dótturfélags					(1.600.000)			1.600.000	-
Eigið fé 31.12.		1.367.812	3.122.232	341.953	1.543.488	1.326.780	72.347	5.624.125	13.398.738

Árið 2024	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Bundnir varasjóðir: Lögbundinn varasjóður	Bundnir varasjóðir: Óinnleystur hagnaður dótturfél.	Bundnir varasjóðir: Óinnleyst gangvirði	Varasjóður kaupréttar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.	1.367.812	3.122.232	341.953	1.764.140	213.634	22.899	3.258.461	10.091.132
Hagnaður og heildarafkoma ársins							3.675.121	3.675.121
Bundið vegna óinnleyst gangvirðis					1.547.338		(1.547.338)	-
Bundið vegna kauprétta á hlutum í Arion banka						2.266	10.424	12.690
Bundið vegna óinnleysts hagnaðar dótturfélags				940.078			(940.078)	-
Innleystur hagnaður dótturfélags				(740.000)			740.000	-
Eigið fé 31.12.	1.367.812	3.122.232	341.953	1.964.218	1.760.972	25.165	5.196.590	13.778.943

Skýringar númer 1 - 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymi 2025

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2025	2024
Afkoma ársins		2.037.071	3.675.121
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Fjáreignatekjur		(1.923.823)	(3.564.232)
Gjaldfærðir kaupréttir		9.357	12.690
Vaxtagjöld		100.674	113.319
Tekjuskattur	12	622.132	721.419
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	18	55.963	74.212
Hreint veltufé frá rekstri		901.374	1.032.529
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting		58.094	12.540
Vátryggingaskuld, breyting		933.533	1.281.404
Endurtryggingaeignir, breyting		30.428	(412.979)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting		(79.002)	505.170
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.844.427	2.418.664
Innborgaðar vaxtatekjur		1.169.047	1.110.164
Greiddir vextir		(51.260)	(49.163)
Innborgaður arður		317.087	91.021
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur		(676.911)	(3.257)
Handbært fé frá rekstri		2.602.390	3.567.429
Fjárfestingarhreyfingar			
Breyting fjárfestingareigna		(409.531)	(3.252.954)
Sala rekstrarfjármuna		-	15.300
Kaup rekstrarfjármuna		-	(499)
Fjárfestingarhreyfingar		(409.531)	(3.238.153)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir leiguskuldbindingar	21	(62.184)	(59.678)
Greiddur arður til hluthafa	24	(2.500.000)	-
Fjármögnunarhreyfingar		(2.562.184)	(59.678)
Breyting á handbæru fé		**(369.325)**	**269.598**
Handbært fé í ársbyrjun		**768.966**	**499.368**
Handbært fé í árslok		**399.641**	**768.966**

Skýringar númer 1 - 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

1 Upplýsingar um samstæðuna

Vörður tryggingar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með starfstöð á Íslandi og er aðsetur þess að Borgartúni 19, Reykjavík. Vörður er dótturfélag Arion banka hf. og móðurfélag Varðar líftrygginga hf.

Aðalstarfsemi félagsins felst í tryggingarekstri og fjárfestingum.

Félagið semur samstæðuársreikning fyrir árið 2025 sem hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Móðurfélag félagsins er Arion banki hf. Samstæðureikningur Arion banka hf., sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), inniheldur samstæðu Varðar trygginga hf. Samstæðureikningur Arion banka hf. er aðgengilegur á heimasíðu bankans www.arionbanki.is. Samstæðureikningur Varðar trygginga er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.vordur.is.

2 Nýir og endurbættir reikningsskilastaðlar

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2025 eða síðar. Eftirfarandi endurbætur tóku gildi 1. janúar 2025:

- IAS 21 Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla - Leiðbeiningar um mat á skiptanleika gjaldmiðla og skiptagengi

Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið 2025:

	Gildistaka:
• IFRS 18 Framsetning og skýringar í reikningsskilum	1. janúar 2027
• IFRS 19 Dótturfélög án almannaábyrgðar: Skýringar	1. janúar 2028

Það er mat stjórnenda að innleiðing á IFRS 18 muni hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í reikningsskilunum án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat. Unnið er að undirbúningi innleiðingar staðalsins en áhrif liggja ekki fyrir. Evrópusambandið hefur ekki staðfest innleiðingu á IFRS 18 og IFRS 19 að svo stöddu, en búist er við staðfestingu á IFRS 18 á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026. Þá er það jafnframt mat stjórnenda að innleiðing annarra staðla eða endurbóta á stöðlum í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskilin.

3 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og þær viðbótarkröfur sem koma fram í lögum um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í sérstökum lið síðar í þessari skýringu.

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

Eftirfarandi er samantekt um helstu reikningsskilaaðferðir:

Til að auka upplýsingagildi samstæðureikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 4.

Ofangreint mat og forsendur eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélags sem er undir stjórn þess á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Vátryggingar- og endurtryggingarsamningar

Samstæðan gefur út samninga sem flytja vátryggingarlega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Samstæðan er alhliða tryggingafélag og gefur út líf- og skaðatryggingar til einstaklinga og fyrirtækja.

Vátryggingarsamningar - skilgreining

Með vátryggingarsamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaráhættu frá vátryggingartaka með því að samþykkja að bæta vátryggingartakanum tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaráhætta er áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingartaka til útgefanda vátryggingarsamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

Skaðatryggingar og slysatryggingar

Tryggingarsamningar í þessum flokki eru ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og eignatryggingar.

Ábyrgðartryggingarsamningar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þriðja aðila vegna afleiðinga lögmætra aðgerða hans. Slysa- og sjúkratryggingar veita viðskiptavinum félagsins fjárhagslega vernd ef til tímabundinnar eða varanlegrar örorku kemur af völdum slysa eða sjúkdóma.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón á eignum veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

Líftryggingar

Vátryggingarsamningar, sem fela í sér líf- og heilsutryggingar, taka til andláts, ákveðinna sjúkdóma og afleiðinga slysa.

Endurtryggingarsamningar - útgefnir

Samstæðan gefur út endurtryggingarsamninga til að bæta tjón sem annar aðili verður fyrir vegna tjóna sem sá aðili greiðir vátryggingartökum sínum.

Flokkun vátryggingarsamninga

Samkvæmt IFRS 17 ber að flokka vátryggingarsamninga og hefur samstæðan flokkað samninga eftir eðli þeirrar áhættu sem þeir tryggja. Samningar eru einnig flokkaðir eftir því hvort þeir eru metnir ábatasamir eða íþyngjandi við útgáfu og eftir því á hvaða ári þeir eru gefnir út, en flokkur samninga getur ekki innihaldið samninga sem gefnir eru út með meira en árs millibili. Hvort samningur er ábatasamur er metið eftir tryggingastærðfræðilegum aðferðum að teknu tilliti til núverandi og nýrra samninga. Gert er ráð fyrir að samningar séu ábatasamir nema vísbendingar séu um annað.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning og afskráning vátryggingarsamninga

Vátryggingarsamningar eru almennt skráðir í bókhald við upphaf gildistíma verndar. Ef um íþyngjandi samninga er að ræða eru þeir skráðir um leið og þeir hafa verið gefnir út.

Mat – einfölduð aðferð (Premium Allocation Approach - PAA)

- Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er heimilt að nota aðferð við mat á vátryggingarsamningum sem er einfaldari í framkvæmd en hin almenna aðferð sem IFRS 17 kveður á um. Útgefnir vátryggingarsamningar samstæðunnar eru almennt til eins árs eða skemmri tíma og uppfylla þar með skilyrðin fyrir einfölduðu aðferðinni. Í undantekningartilvikum eru samningar til lengri tíma en eins árs. Óverulegur munur er þó á mati þeirra samkvæmt einfölduðu og almennu aðferðinni og er þess vegna heimilt að beita einfölduðu aðferðinni við mat þeirra.
- Kostnaður við öflun trygginga er gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Skuldbinding vegna eftirstæðrar verndar (LFRC) er án tillits til fjárhagslegrar áhættu og afvöxtunar.
- Skuldbinding vegna orðinna tjóna (LFIC) er afvöxtuð með vaxtakúrfu sem gefin er út af EIOPA (Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni) og byggir á áhættulausum vöxtum í landinu á hverjum tíma.
- Fjármagnsliðir vátrygginga vegna vöxtunar og breytinga á vaxtakröfu eru færðir í rekstrarreikning.

Vátryggingarsamningar - mat í upphafi

Félagið beitir einfaldaðri aðferð (PAA) við útgefna vátryggingarsamninga og endurtryggingarsamninga þar sem:

- Gildistími samninga í flokknum er eitt ár eða skemmri tími, þjónustan tengd þeim er veitt á sama tíma,

eða

- þegar um samninga til lengri tíma er að ræða og útreikningar sýna að ekki er verulegur munur á mati samkvæmt PAA og almennu aðferðinni. Við mat á því hvað er verulegt er tekið tillit til þátta eins og eðli tryggingarinnar og áhættunnar sem hún tryggir.

Fyrir tryggingaflokka sem ekki eru taldir íþyngjandi við upphaflega skráningu er skuld vegna eftirstæðrar verndar sú fjárhæð sem nemur greiddum iðgjöldum, ef einhver eru. Ef aðstæður benda til þess að samningar séu íþyngjandi við upphaflega skráningu er gerð greining á væntu neikvæðu sjóðstreymi vegna þeirra. Slíkir samningar eru flokkaðir sérstaklega og vænt tap vegna þeirra fært í rekstrarreikning. Skuld vegna eftirstæðrar verndar íþyngjandi samninga nemur væntu tapi af þeim og kallast tapsþáttur.

Endurtryggingarsamningar

Endurtryggingarsamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af umsömdum bótafjárhæðum eða alla áhættuna fari tjón umfram umsamda fjárhæð.

Endurtryggingarsamningar - mat í upphafi

Samstæðan metur endurtryggingarsamninga sem gerðir hafa verið við endurtryggjendur á sama hátt og útgefna vátryggingarsamninga. Eðli þeirra er þó öfugt við útgefna vátryggingarsamninga þar sem þeir koma til gjalda eða lækkunar tjóna en mynda ekki tekjur.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Vátryggingarsamningar – síðara mat

Mat á skuldbindingu vegna eftirstæðrar verndar í lok hvers tímabils samanstendur af stöðu skuldbindingarinnar í upphaf árs að viðbættum greiddum iðgjöldum og frádregnum innleystum vátryggingatekjum tímabilsins.

Ef líkur benda til þess á samningstímabilinu að flokkur trygginga muni reynast íþyngjandi er áætlað tap gjaldfært og tapsþætti bætt við skuldbindingu vegna eftirstæðrar verndar.

Samstæðan metur skuldbindingu vegna orðinna tjóna sem það fjárflæði sem áætlað er vegna orðinna tjóna. Byggt er á bestu fáanlegu upplýsingum um væntan kostnað vegna tjóna, tímasetningu uppgjörs og óvissu um þessa þætti.

Skuld vegna orðinna tjóna má skipta upp í þrjá liði sem metnir eru hver fyrir sig:

- Vænt núvirt greiðsluflæði vegna tjóna
- Vænt núvirt greiðsluflæði vegna uppgjörskostnaðar
- Áhættuálag vegna ófjárhagslegrar áhættu

Vænt núvirt greiðsluflæði vegna tjóna og uppgjörskostnaðar, er metið á sama hátt og besta mat á tjónaskuld samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Vænt greiðsluflæði vegna tjóna er metið út frá tjónasögu félagsins og er skipt eftir einsleitum áhættuflokkum. Fundið er vænt gildi mats á tjónakostnaði fyrir hvern flokk með hefðbundnum tryggingastærðfræðilegum aðferðum, sem byggja á greiðslum og áætlunum tjóna eftir tjónsárum og greiðsluárum, ásamt iðgjöldum. Notast er við þann fjölda tjónsára, sem metið er æskilegt fyrir hvern áhættuflokk fyrir sig. Einnig er stuðst við margfeldi fjölda tjóna og meðaltjóns í þeim flokkum þar sem fjöldi tjóna gefur vísbendingar um breytingu á tjónatíðni, eða árstíðabundinn tjónaþunga. Mat er sérstaklega lagt á áhrif verðbólgu og er þá stuðst við opinberar spár Seðlabanka Íslands og Hagstofunnar. Framtíðargreiðsluflæði er núvirt með áhættulausum vaxtaferli gefnum út af EIOPA. Álagi er bætt við reiknaða tjónaskuld til að mæta væntum uppgjörskostnaði vegna orðinna óuppgerðra tjóna. Kostnaðurinn er sértækur niður á hverja grein og byggir á skiptingu á launakostnaði starfsfólks tjónadeildar.

Áhættuálag er mat á þeirri upphæð sem annað félag myndi krefjast fyrir að taka yfir skuldbindingu vegna orðinna tjóna. Það er metið út frá óvissu í greiðsluflæði hvers einsleits áhættuflokks. Gert er ráð fyrir fylgni milli áhættuflokka. Við mat á áhættuálagi er miðað við að 75% líkur sé á að væntur kostnaður verði lægri en skuld vegna orðinna tjóna.

Endurtryggingarsamningar – síðara mat

Síðara mat á endurtryggingarsamningum er gert eftir sömu aðferðum og mat á skuldbindingu vegna vátryggingarsamninga, en aðlagað að eðli þeirra.

Vátryggingarsamningar – afskráning

Vátryggingarsamningar eru afskráðir þegar þeir falla úr gildi, vegna uppsagnar eða loka samningstímans.

Vátryggingarsamningar – framsetning

Samstæðan birtir í efnahagsreikningi samanlagt bókfært virði vátryggingarsamninga sem mynda skuld og sérstaklega ef um safn samninga væri að ræða sem mynduðu eign. Endurtryggingarsamningar eru birtir á sama hátt, sem samsafn samninga sem mynda eign eða skuld.

Í rekstrarreikningi er heildarafkomu skipt upp í vátryggingatekjur að frádregnum kostnaði af vátryggingastarfsemi og fjármagnsliði vegna vátrygginga.

Breytingar á áhættuálagi eru innifaldar í afkomu af vátryggingastarfsemi og ekki skipt upp milli fjárhagslegrar og ófjárhagslegrar áhættu.

Tekjur og gjöld vegna gerðra endurtryggingarsamninga eru sýndar sérstaklega.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi

Vátryggingatekjur

Vátryggingatekjur ársins eru vænt iðgjöld sem falla til á árinu auk annarra tekna sem tengjast vátryggingarsamningum. Samstæðan tekjufærir iðgjöld jafnt yfir líftíma samningsins. Ef áhætta dreifist verulega misjafnlega á tímabil samningsins þá er tekjum dreift miðað við dreifingu áhættunnar en ekki hlutfallslega eftir tímaframvindu.

Kostnaður af vátryggingastarfsemi

Gjaldfærður kostnaður af vátryggingastarfsemi í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára, breyting á tapsþætti, kostnaður við öflun trygginga og annar kostnaður sem hlýst beint af starfseminni.

Tapsþáttur

Gert er ráð fyrir að samningar séu ábatasamir við upphaflega skráningu nema gögn og aðstæður bendi til annars. Sé það raunin, eða mat breytist á líftíma samninganna gjaldfærir samstæðan tapsþátt og færir hann til skuldar sem skuldbindingu vegna eftirstæðrar verndar.

Afkoma af endurtryggingarsamningum

Samstæðan skiptir afkomu af endurtryggingarsamningum í annars vegar iðgjöld til endurtryggjenda og hins vegar hlut þeirra í tjónakostnaði.

Fjármagnsliðir trygginga

Fjármagnsliðir trygginga, tekjur og gjöld, eru vegna breytinga á bókfærðu virði vátryggingar- og endurtryggingarsamninga sem stafa af vöxtun og afvöxtun skuldbindingar eða eignar og breytinga á markaðsvöxtum.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármálagerningar

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald.

Fjármálagerningar eru færðir í bókhald þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga.

Fjáreignir

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Samstæðan á fjáreignir til ávöxtunar og til að tryggja fjárhagslegan grunn til að mæta tjónum eftir því sem þörf krefur. Fjáreignir samstæðunnar eru flokkaðar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning – síðara mat

Gangvirði fjáreigna sem eru skráðar á virkum markaði er skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á aðrar fjáreignir við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjáreigna sem eru áþekkar þeirri sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjáreignir. Í skýringu 14 eru fjáreignir félagsins flokkaðar eftir þeim verðmatsaðferðum sem notaðar eru til að ákvarða gangvirði þeirra. Félagið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sömu eign, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning – afskráning

Fjáreignir eru afskráðar þegar samningsbundinn réttur samstæðunnar að fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu til annars aðila.

Vaxtatekjur og gangvirðisbreytingar fjáreigna

Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í rekstrarreikningi taka til allra innleystra og óinnleystra gangvirðisbreytinga, vaxta, afleiða og gengisbreytinga. Arðstekjur eru færðar þegar þær fást greiddar.

Fjárskuldir

Allar skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Víkjandi lán er fært á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti og eru vaxtagjöld færð í rekstrareikning.

Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár. Vaxtatekjur af innstæðum í fjármálastofnunum eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins færð til eignar ef hún hefur myndast við kaup á dótturfélögum eða yfirtöku á starfsemi. Eignfærsla hennar miðast við yfirtökudag og heildargangvirði yfirfærðs endurgjalds, bókfært virði minnihluta í yfirtekna félaginu og gangvirði fyrri hlutdeildar í yfirtekna félaginu að frádregnu gangvirði yfirtekinna eigna og skulda miðað við yfirtökudag. Endurgjald samanstendur af gangvirði yfirfærðra eigna og skulda og eiginfjárgerningum sem gefnir eru út af samstæðunni. Endurgjaldið felur einnig í sér gangvirði hugsanlegs viðbótarendurgjalds.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt reglulega eða ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýrnun á bókfærðu virði viðskiptavildar. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnun.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaup eða þróun fjármunarins. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim vélbúnaði.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í endurnýjuninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna er 3 - 5 ár.

Afskriftaraðferð, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Starfstengd hlunnindi

Samstæðan greiðir framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði, þar sem greidd eru föst framlög til almennra lífeyrissjóða á grundvelli laga. Á samstæðunni hvílir ekki önnur greiðsluskylda eftir að þessi framlög hafa verið greidd. Framlögin eru færð til gjalda eftir því sem þau falla til.

Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé Varðar samkvæmt samþykktum nam 1.367,8 milljónum kr. í árslok og er það allt greitt. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut. Heimilt er að hækka hlutafé með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hlutahafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Ekki er heimilt að veita lán út á hluti. Heimilt er að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir þá fjárhæð sem hluthafar hafa greitt fyrir hlutabréf umfram nafnverð.

Bundið eigið fé

Lögbundinn varasjóður sýnir þá fjárhæð sem bundin hefur verið lögum samkvæmt. Árlega skal leggja í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 25% af hlutafé og er óheimilt að úthluta honum til greiðslu arðs.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal samstæðan binda óinnleystan hagnað af matsbreytingum á fjáreignum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði gegnum rekstur og færa á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði, að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.

Í samræmi við ofangreind lög er afkoma dótturfélaga, sem færð er í rekstrarreikning móðurfélags og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, færð á bundinn eiginfjárreikning.

Bundinn reikningur vegna frestaðs kaupauka endurspeglar skuldbindingu vegna kaupauka í hlutum í Arion banka sem kemur til afhendingar síðar.

Bundinn reikningur vegna kaupréttta endurspeglar gjaldfærslu vegna kaupréttar starfsmanna á hlutum í Arion banka. Kaupréttaráætlunin byggir á lögum um tekjuskatt.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé samanstendur af uppsöfnuðum hagnaði og tapi af rekstri að frádregnum útborguðum arði til hluthafa, yfirfærslu í lögbundinn varasjóð og á bundna reikninga samkvæmt lögum nr. 3/2006. Óráðstöfuðu eigin fé er heimilt að úthluta til hluthafa í formi arðs, þó með þeim takmörkunum að uppfylla þarf lögbundnar kröfur um lágmark eigin fjár.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af hluthöfum á aðalfundi.

Hagnaður á hlut

Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut er reiknaður út á hlutafé. Það er gert þannig að deilt er í hagnað ársins með vegnu meðaltali útistandandi hlutafjár yfir árið.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Peningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar í íslenskar krónur á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

4 Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Stjórnendur samstæðunnar taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi samstæðunnar á næsta rekstrarári. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og möt byggð á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðaratburði þegar ákvarðanir um forsendur og möt eru teknar.

Mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar er mat á endanlegri bótafjárhæð tjóna. Taka þarf tillit til ýmissa óvissuþátta við mat á þeirri fjárhæð sem ætla má að samstæðan greiði að lokum vegna orðinna tjóna. Nánar er fjallað um skuld vegna vátryggingarsamninga í skýringu 20 og um áhættu henni tengda í skýringu 30.

5 Hlutverk og verkefni endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd stjórnar sinnir tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnar, einkum að tryggja viðhlítandi innra eftirlit og að fjárhagsleg skýrslugerð uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til samstæðunnar í lögum og reglum. Nefndin gerir einnig tillögu til stjórnar um ráðningu og uppsögn innri og ytri endurskoðenda og fylgist með störfum þeirra.

Endurskoðunarnefnd var skipuð þremur aðilum. Formaður nefndarinnar er í stjórn Varðar trygginga hf. Á starfsárinu 2025-2026 voru haldnir 8 fundir í endurskoðunarnefnd Varðar trygginga hf.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

6 Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem býður skyldar vörur eða þjónustu og er háður áhættu og ávinningi sem er frábrugðinn áhættu og ávinningi annarra starfsþátta.

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir, taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta á rökrænan hátt í meira en eitt ár.

Fjármagnsliðir í skaða- og lífryggingum eru reiknaðir samkvæmt ákvæðum IFRS 17 með vaxtahlutfalli sem Evrópska vátryggingaog lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) birtir.

Rekstrarstarfsþættir

2025	**Skaða-tryggingar**	**Líf-tryggingar**	**Fjárfest.-starfsemi**	**Samtals**
Vátryggingatekjur	17.737.591	3.042.878	-	20.780.469
Kostnaður af vátryggingastarfsemi	(16.609.226)	(1.807.030)	-	(18.416.257)
Afkoma af vátryggingastarfsemi fyrir endutryggingar	1.128.365	1.235.848	-	2.364.212
Afkoma af endurtryggingarsamningum	(200.911)	(38.230)	-	(239.141)
Afkoma af vátryggingastarfsemi	927.454	1.197.618	-	2.125.071
Hreinar fjáreignatekjur	-	-	1.608.089	1.608.089
Afkoma fjármagnsliða	-	-	(1.083.197)	(1.083.197)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	927.454	1.197.618	524.892	2.649.963
Annað				9.240
Tekjuskattur				(622.132)
Afkoma ársins				2.037.071

2024	**Skaða-tryggingar**	**Líf-tryggingar**	**Fjárfest.-starfsemi**	**Samtals**
Vátryggingatekjur	16.869.669	2.822.723	-	19.692.392
Kostnaður af vátryggingastarfsemi	(15.446.104)	(2.026.665)	-	(17.472.769)
Afkoma af vátryggingastarfsemi fyrir endutryggingar	1.423.565	796.058	-	2.219.623
Afkoma af endurtryggingarsamningum	(44.119)	13.495	-	(30.624)
Afkoma af vátryggingastarfsemi	1.379.446	809.553	-	2.188.999
Hreinar fjáreignatekjur	-	-	3.259.852	3.259.852
Afkoma fjármagnsliða	-	-	(1.063.051)	(1.063.051)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	1.379.446	809.553	2.196.801	4.385.800
Annað				10.740
Tekjuskattur				(721.419)
Afkoma ársins				3.675.121

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

7 Afkoma skaðatrygginga eftir greinum

Skaðatryggingar samstæðunnar greinast þannig:

2025	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Frjálsar ökutækja-tryggingar	Eigna tryggingar	Slysa- og sjúkra-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Sjó-tryggingar	Samtals
Vátryggingatekjur	7.582.649	3.328.236	3.803.237	1.930.165	918.332	174.972	17.737.591
Kostnaður af vátr.st.	(5.934.204)	(3.809.149)	(3.784.974)	(2.237.676)	(730.329)	(112.894)	(16.609.226)
Afkoma endurtr.	(57.431)	-	(151.488)	72.937	(36.532)	(28.397)	(200.911)
Afkoma. af vátr.st.	1.591.014	(480.913)	(133.225)	(234.574)	151.471	33.681	927.454

2024	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Frjálsar ökutækja-tryggingar	Eigna tryggingar	Slysa- og sjúkra-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Sjó-tryggingar	Samtals
Vátryggingatekjur	7.307.772	3.094.491	3.620.086	1.798.745	892.930	155.645	16.869.669
Kostnaður af vátr.st.	(5.813.692)	(3.235.401)	(3.890.514)	(1.789.866)	(607.165)	(109.466)	(15.446.104)
Afkoma endurtr.	(71.328)	(3.048)	142.449	(28.690)	(58.065)	(25.437)	(44.119)
Afkoma. af vátr.st.	1.422.752	(143.958)	(127.979)	(19.811)	227.700	20.742	1.379.446

8 Kostnaður af vátryggingastarfsemi

	2025			2024		
Tjón tímabilsins sundurliðast þannig:	Skaða-tryggingar	Líf-tryggingar	Samtals	Skaða-tryggingar	Líf-tryggingar	Samtals
Greidd tjón	13.464.099	1.058.862	14.522.961	12.397.175	1.080.950	13.478.125
Breyting á tjónaskuld	(71.683)	(15.330)	(87.013)	63.505	196.280	259.785
Breyting á tapsþætti	(29.494)	-	(29.494)	(14.120)	-	(14.120)
Tjón ársins	13.362.922	1.043.532	14.406.454	12.446.560	1.277.230	13.723.790
Rekstrarkostnaður greinist þannig:						
Laun og tengd gjöld	1.573.118	13.404	1.586.522	1.477.946	12.737	1.490.683
Sölukostnaður	252.801	154.645	407.446	223.710	165.984	389.694
Skrifstofu- og stj.kostnaður	1.420.386	595.449	2.015.835	1.297.888	570.714	1.868.602
Rekstrarkostnaður ársins	3.246.305	763.498	4.009.803	2.999.544	749.435	3.748.979
Kostnaður af vátryggingastarfsemi	16.609.227	1.807.030	18.416.257	15.446.104	2.026.665	17.472.769

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

9 Starfsmannamál

Laun og tengd gjöld:

	2025	2024
Laun	1.141.717	1.041.068
Tryggingagjald og fjársýsluskattur	155.461	138.413
Mótframlög í lífeyrissjóði	163.725	147.806
Önnur launatengd gjöld	8.873	5.391
Kostnaður vegna kauprétta starfsmanna	9.357	12.541
Kostnaður við kaupauka	107.389	145.464
Laun og tengd gjöld	1.586.522	1.490.683
Stöðugildi að meðaltali	74,8	67,0

Laun og hlunnindi stjórnenda greinast þannig:

	2025	2024
Forstjóri og 5,2 stg. framkvæmdastjórar (2024: 5,1 stg.)	200.416	199.283
Starfslokasamningur	19.140	36.540
Stjórnar- og nefndalaun	46.585	43.813
Samtals	266.141	279.636

Í árslok nam skuldbinding vegna kaupaukakerfis 53,3 millj. kr. Áætlaður kostnaður frestaða hluta kaupaukakerfisins vegna rekstraráranna 2022–2025, sem verður gerður upp á árunum 2026–2030, nemur 20,0 millj. kr. og verður gjaldfærður hlutfallslega yfir árin fram að uppgjöri kaupaukans.

10 Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til Deloitte skiptist þannig:

	2025	2024
Endurskoðun og könnun reikningsskila vegna viðkomandi reikningsárs	25.770	30.468
Önnur endurskoðunartengd þjónusta vegna viðkomandi reikningsárs	264	1.338
Önnur þjónusta endurskoðenda	1.132	1.528
Þóknun til endurskoðenda	27.166	33.334

11 Fjáreignatekjur og fjármagnsliðir

	2025			2024		
	Skaða-tryggingar	Líf-tryggingar	Samtals	Skaða-tryggingar	Líf-tryggingar	Samtals
Fjárfestingatekjur	1.566.738	353.963	1.920.701	3.141.975	420.964	3.562.939
Vaxtatekjur og gengismunur	2.093	1.029	3.122	(1.080)	2.372	1.292
Vaxtagjöld	(99.747)	(927)	(100.674)	(107.983)	(884)	(108.867)
Kostnaður af fjárfestingastarfsemi	(204.334)	(10.726)	(215.062)	(184.082)	(11.430)	(195.512)
Hreinar fjáreignatekjur	1.264.749	343.338	1.608.089	2.848.830	411.022	3.259.852
Fjármagnsliðir vátrygginga	(1.081.304)	(42.155)	(1.123.459)	(1.043.250)	(38.160)	(1.081.410)
Fjármagnsliðir endurtrygginga	30.164	10.098	40.262	7.362	10.997	18.359
Afkoma fjármagnsliða	(1.051.139)	(32.057)	(1.083.197)	(1.035.888)	(27.163)	(1.063.051)
Afkoma af fjárfestingastarfsemi	213.610	311.281	524.893	1.812.941	383.859	2.196.800

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

12 Tekjuskattur

Tekjuskattur skv. lögum er 20% en var tímabundið á árinu 2024 hækkaður í 21%. Sérstakur fjársýsluskattur er 6% viðbótartekjuskattur á skattstofn umfram 1.000 milljónir króna, án tillits til samsköttur og yfirfæranlegs taps.

Tekjuskattur skiptist þannig:

	2025	2024
Tekjuskattur til greiðslu	555.883	604.646
Sérstakur fjársýsluskattur	46.765	52.756
Breyting á frestuðum sköttum	(25)	64.017
Mismunur frá fyrra ári	19.509	-
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	622.132	721.419

Virkt skatthlutfall:		2025		2024
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.659.203		4.396.540
Tekjuskattur m. v. gildandi skatthlutfall	20,0%	531.841	21,0%	923.273
Óskattskyldar tekjur	-2,4%	(64.028)	-5,7%	(249.925)
Ófrádráttarbær gjöld	3,3%	88.045	0,0%	9
Sérstakur fjársýsluskattur	8,8%	46.765	1,2%	52.756
Mismunur frá fyrra ári	3,7%	19.509	0,0%	-
Áhrif breytingar á skatthlutfalli á skuldbindingu	0,0%	-	-0,1%	(4.694)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	23,4%	622.132	16,4%	721.419

13 Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals útistandandi hluta á árinu. Enginn munur er á grunnhagnaði og þynntum hagnaði þar sem ekki hafa verið gerðir samningar sem leiða til þynningar á hlutafé.

	2025	2024
Hagnaður ársins	2.037.071	3.675.121
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	1.367.812	1.367.812
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	1,49	2,69

14 Fjáreignir og fjárskuldir

Flokkun og gangvirði. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra. Enginn munur er á bókfærðu virði og gangvirði.

31.12.2025	Fjáreignir & fjárskuldir á gangvirði	Lán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
Fjárfestingareignir	36.277.016	-	36.277.016	36.277.016
Aðrar eignir	-	1.560.981	1.560.981	1.560.981
Handbært fé	399.641	-	399.641	399.641
Fjáreignir samtals	36.676.657	1.560.981	38.237.638	38.237.638
Víkjandi lán	-	(1.371.979)	(1.371.979)	(1.371.979)
Aðrar fjárskuldir	-	(748.500)	(748.500)	(748.500)
Fjárskuldir samtals	-	(2.120.479)	(2.120.479)	(2.120.479)

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

14 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

31.12.2024	Fjáreignir & fjárskuldir á gangvirði	Lán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
Fjárfestingareignir	35.790.132	-	35.790.132	35.790.132
Aðrar eignir	-	1.199.503	1.199.503	1.199.503
Handbært fé	768.966	-	768.966	768.966
Fjáreignir samtals	36.559.098	1.199.503	37.758.601	37.758.601
Víkjandi lán	-	(1.322.995)	(1.322.995)	(1.322.995)
Aðrar fjárskuldir	-	(556.741)	(556.741)	(556.741)
Fjárskuldir samtals	-	(1.879.736)	(1.879.736)	(1.879.736)

Stigkerfi gangvirðis. Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: matið byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: matið byggir á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verði). Sem dæmi má nefna hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sem ekki eru skráðir á markað en fjárfesta að mestu leyti í verðbréfum skráðum á markað.

Stig 3: matið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Þegar um skuldabréf er að ræða er m.a. stuðst við mat á greiðsluhæfi útgefanda skuldabréfanna. Í tilviki hlutabréfa er stuðst við verðmat félags byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar eignir. Mat verðbréfajóða byggir á gögnum frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða.

Fjárfestingareignir 31.12.2025:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Skráð skuldabréf				
Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs	12.585.074	54.730	-	12.639.804
Verðbréf með ábyrgð lánastofnana og sveitarfélaga	7.160.421	290.335	-	7.450.756
Eignatryggð skuldabréf	440.141	2.792.325	-	3.232.466
Önnur skuldabréf	412.343	374.460	-	786.803
Óskráð skuldabréf				
Eignatryggð skuldabréf	-	220.218	-	220.218
Hlutabréf				
Skráð hlutabréf	7.502.662	-	-	7.502.662
Óskráð hlutabréf	28.715	446.430	691.765	1.166.910
Hlutdeildarsjóðir				
Hlutdeildarsjóðir	-	3.277.397	-	3.277.397
Fjárfestingareignir samtals	28.129.356	7.455.895	691.765	36.277.016

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

14 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Fjárfestingareignir 31.12.2024:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Skráð skuldabréf				
Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs	11.774.803	59.032	-	11.833.835
Verðbréf með ábyrgð lánastofnana og sveitarfélaga	8.607.788	306.308	-	8.914.096
Eignatryggð skuldabréf	256.319	2.282.790	-	2.539.109
Önnur skuldabréf	277.221	232.071	-	509.292
Óskráð skuldabréf				
Eignatryggð skuldabréf	-	352.520	-	352.520
Önnur skuldabréf	-	180.929	-	180.929
Hlutabréf				
Skráð hlutabréf	7.385.929	-	-	7.385.929
Óskráð hlutabréf	-	941.967	1.429	943.396
Hlutdeildarsjóðir				
Hlutdeildarsjóðir	-	3.072.587	58.439	3.131.026
Fjárfestingareignir samtals	28.302.060	7.428.204	59.868	35.790.132

Breytingar á árinu sem falla undir stig 3:

	2025	2024
Staða 1.1.	59.868	33.862
Keypt	155.000	-
Innleyst	(58.439)	-
Eignir í 4 fagfjárfestasjóðum voru færðir af stigi 2 á stig 3	535.336	-
Matsbreyting	-	26.006
Staða 31.12.	691.765	59.868

15 Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:

	2025	2024
Skuldir vegna iðgjalda	(133.230)	(215.065)
Hlutdeild í tjónum	778.197	890.460
Endurtryggingaeignir samtals	644.967	675.395

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

15 Endurtryggingaeignir (framhald)

2025	Iðgjöld óliðins tíma	Endurtryggingar tjóna Vænt núvirt gr.flæði	Áhættuálag	Samtals
Endurtryggingaeignir í byrjun árs	(215.065)	862.085	28.375	675.395
Rekstrarhreyfingar				
Iðgjöld	(738.622)	-	-	(738.622)
Hlutdeild í tjónum	-	570.928	-	570.928
Breyting á hlutdeild í tjónum	-	(68.876)	(2.571)	(71.447)
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	-	502.052	(2.571)	499.481
Hreinn kostnaður við endurtyggingarsamninga	(738.622)	502.052	(2.571)	(239.141)
Fjármagnsliðir endurtrygginga	-	40.262	-	40.262
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(738.622)	542.314	(2.571)	(198.879)
Sjóðstreymi				
Greidd iðgjöld	820.457	-	-	820.457
Móttekin hlutdeild í tjónum	-	(652.006)	-	(652.006)
Sjóðstreymi samtals	820.457	(652.006)	-	168.451
Endurtryggingaeignir í lok árs	(133.230)	752.393	25.804	644.967

2024	Iðgjöld óliðins tíma	Endurtryggingar tjóna Vænt núvirt gr.flæði	Áhættuálag	Samtals
Endurtryggingaeignir í byrjun árs	(255.682)	500.431	17.667	262.416
Rekstrarhreyfingar				
Iðgjöld	(843.415)	-	-	(843.415)
Hlutdeild í tjónum	-	624.407	-	624.407
Breyting á hlutdeild í tjónum	-	177.676	10.708	188.384
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	-	802.083	10.708	812.791
Hreinn kostnaður við endurtyggingarsamninga	(843.415)	802.083	10.708	(30.624)
Fjármagnsliðir endurtrygginga	-	18.359	-	18.359
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(843.415)	820.442	10.708	(12.265)
Sjóðstreymi				
Greidd iðgjöld	884.032	-	-	884.032
Móttekin hlutdeild í tjónum	-	(458.788)	-	(458.788)
Sjóðstreymi samtals	884.032	(458.788)	-	425.244
Endurtryggingaeignir í lok árs	(215.065)	862.085	28.375	675.395

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

16 Kröfur og aðrar eignir

Kröfur og aðrar eignir greinast þannig:

	2025	2024
Kröfur vegna vátryggingastarfsemi	1.147.229	811.623
Fjármagnstekjuskattur	368.817	328.830
Framleigusamningar	10.641	69.800
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	44.936	59.050
Kröfur og aðrar eignir í árslok	1.571.623	1.269.303

Niðurfærslureikningur krafna greinist þannig:

Niðurfærsla krafna í upphafi árs	58.881	56.078
Hækkun varúðarniðurfærslu krafna á árinu	40.467	28.546
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu	(23.145)	(25.743)
Niðurfærsla krafna í lok árs	76.203	58.881

17 Viðskiptavild

Viðskiptavild samstæðunnar er að stærstum hluta vegna kaupa á líftryggingastarfsemi sem sameinuð var Verði líftryggingum hf. en einnig vegna kaupa á skaðatryggingastarfsemi sem var síðar sameinuð Verði tryggingum hf.

Við mat á virði viðskiptavildarinnar er horft til virðis Varðar trygginga og er byggt á virðisrýrnarprófi sem Arion banki lét framkvæma á eignfærðri viðskiptavild tengdri Verði. Byggt er á áætlunum Varðar trygginga og Varðar líftryggingа um rekstur næstu fimm ára og 13,9% ávöxtunarkröfu. Niðurstaðan er að endurheimtanlegt virði Varðar trygginga er umfram bókfært virði félagsins og að ekki er ástæða til niðurfærslu.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

18 Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Árið 2025	**Rekstrar-fjármunir**	**Óefnislegar eignir**	**Samtals**
Heildarverð 1.1.	139.724	648.343	788.067
Heildarverð 31.12.	139.724	648.343	788.067
Afskrifað áður	85.872	556.563	642.435
Afskrifað á árinu	18.114	37.849	55.963
Afskrifað samtals 31.12.	103.986	594.412	698.398
Bókfært verð í árslok	35.738	53.931	89.669
Afskriftahlutföll	0-33%	20-33%	

Árið 2024	**Rekstrar-fjármunir**	**Óefnislegar eignir**	**Samtals**
Heildarverð 1.1.	186.157	711.843	897.999
Viðbót á árinu	-	499	499
Selt og niðurlagt á árinu	(46.433)	(63.999)	(110.432)
Heildarverð 31.12.	139.724	648.343	788.067
Afskrifað áður	104.709	558.646	663.355
Afskrifað á árinu	12.296	61.916	74.212
Selt og niðurlagt á árinu	(31.133)	(63.999)	(95.132)
Afskrifað samtals 31.12.	85.872	556.563	642.435
Bókfært verð í árslok	53.852	91.780	145.632
Afskriftahlutföll	0-33%	20-33%	

Vátryggingarverðmæti rekstrarfjármuna er 215,8 millj. kr. (2024: 208,5 millj. kr.).

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

19 Tekjuskattsskuldbinding

Breyting ársins greinist þannig:

	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding (-eign) í ársbyrjun	26.708	(37.310)
Mismunur frá fyrra ári	(19.509)	-
Tekjuskattur ársins, reiknaður	555.205	668.664
Sérstakur fjársýsluskattur	66.927	52.756
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári vegna rekstrar á árinu	(602.648)	(657.402)
Tekjusskuldbinding í árslok	26.683	26.708

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	2025	2024
Rekstrarfjármunir	5.457	10.506
Viðskiptakröfur	54.557	48.953
Skuldbindingar	(32.908)	(32.796)
Frestaður gengismunur	(423)	45
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	26.683	26.708

20 Skuld vegna vátryggingarsamninga

Vátryggingaskuld greinist þannig:

	2025	2024
Iðgjaldaskuld	3.511.508	3.594.052
Tapsþáttur	227.699	257.193
Skuld vegna eftirstæðrar verndar	3.739.207	3.851.245
Tjónaskuld	17.865.856	16.818.755
Áhættuálag tjónaskuldar	830.397	808.281
Viðskiptaskuldir vegna orðinna tjóna	-	23.645
Skuld vegna orðinna tjóna	18.696.253	17.650.681
Vátryggingaskuld samtals	22.435.460	21.501.926

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

20 Skuld vegna vátryggingarsamninga (framhald)

Skaðatryggingar	Skuld vegna eftirstæðrar verndar		Skuld vegna orðinna tjóna		
2025	**Án tapsþáttar**	**Tapsþáttur**	**Vænt núvirt gr.flæði**	**Áhættuálag**	**Samtals**
Vátryggingaskuld í byrjun árs	2.304.021	257.193	16.060.142	726.161	19.347.517
Rekstrarhreyfingar					
Vátryggingatekjur	(17.756.404)	-	18.813	-	(17.737.591)
Tjón og annar kostnaður á árinu	-	-	16.672.638	349.767	17.022.405
Breyting á tapsþætti	-	(29.494)	-	-	(29.494)
Tjónaþróun fyrri ára	-	-	(72.036)	(311.649)	(383.685)
Kostnaður af vátryggingastarfsemi samtals	-	(29.494)	16.600.602	38.118	16.609.226
Afkoma af vátryggingum	(17.756.404)	(29.494)	16.619.415	38.118	(1.128.365)
Fjármagnsliðir vátrygginga	-	-	1.081.304	-	1.081.304
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(17.756.404)	(29.494)	17.700.719	38.118	(47.061)
Sjóðstreymi					
Greidd iðgjöld	17.702.016	-	-	-	17.702.016
Greidd tjón og annar kostnaður	-	-	(16.734.003)	-	(16.734.003)
Sjóðstreymi samtals	17.702.016	-	(16.734.003)	-	968.013
Vátryggingaskuld í lok árs	2.249.633	227.699	17.026.858	764.279	20.268.469

Líftryggingar	Skuld vegna eftirstæðrar verndar		Skuld vegna orðinna tjóna		
2025	**Án tapsþáttar**	**Tapsþáttur**	**Vænt núvirt gr.flæði**	**Áhættuálag**	**Samtals**
Vátryggingaskuld í byrjun árs	1.290.031	-	782.258	82.120	2.154.409
Rekstrarhreyfingar					
Vátryggingatekjur	(3.056.836)	-	13.958	-	(3.042.878)
Tjón og annar kostnaður á árinu	-	-	1.858.462	32.825	1.891.287
Tjónaþróun fyrri ára	-	-	(35.430)	(48.827)	(84.257)
Kostnaður af vátryggingastarfsemi samtals	-	-	1.823.032	(16.002)	1.807.030
Afkoma af vátryggingum	(3.056.836)	-	1.836.990	(16.002)	(1.235.848)
Fjármagnsliðir vátrygginga	-	-	42.155	-	42.155
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(3.056.836)	-	1.879.145	(16.002)	(1.193.693)
Sjóðstreymi					
Greidd iðgjöld	3.028.680	-	-	-	3.028.680
Greidd tjón og annar kostnaður	-	-	(1.822.406)	-	(1.822.406)
Sjóðstreymi samtals	3.028.680	-	(1.822.406)	-	1.206.274
Vátryggingaskuld í lok árs	1.261.875	-	838.997	66.118	2.166.990

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

20 Skuld vegna vátryggingarsamninga (framhald)

Skaðatryggingar	Skuld vegna eftirstæðrar verndar		Skuld vegna orðinna tjóna		
2024	**Án tapsþáttar**	**Tapsþáttur**	**Vænt núvirt gr.flæði**	**Áhættuálag**	**Samtals**
Vátryggingaskuld í byrjun árs	2.333.969	271.313	15.041.369	638.785	18.285.436
Rekstrarhreyfingar					
Vátryggingatekjur	(16.869.669)	-	-	-	(16.869.669)
Tjón og annar kostnaður á árinu	-	-	16.288.556	330.802	16.619.358
Breyting á tapsþætti	-	(14.120)	-	-	(14.120)
Tjónaþróun fyrri ára	-	-	(915.708)	(243.426)	(1.159.134)
Kostnaður af vátryggingastarfsemi samtals	-	(14.120)	15.372.848	87.376	15.446.104
Afkoma af vátryggingum	(16.869.669)	(14.120)	15.372.848	87.376	(1.423.565)
Fjármagnsliðir vátrygginga	-	-	1.043.250	-	1.043.250
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(16.869.669)	(14.120)	16.416.098	87.376	(380.315)
Sjóðstreymi					
Greidd iðgjöld	16.839.721	-	-	-	16.839.721
Greidd tjón og annar kostnaður	-	-	(15.397.325)	-	(15.397.325)
Sjóðstreymi samtals	16.839.721	-	(15.397.325)	-	1.442.396
Vátryggingaskuld í lok árs	2.304.021	257.193	16.060.142	726.161	19.347.517

Líftryggingar	Skuld vegna eftirstæðrar verndar		Skuld vegna orðinna tjóna		
2024	**Án tapsþáttar**	**Tapsþáttur**	**Vænt núvirt gr.flæði**	**Áhættuálag**	**Samtals**
Vátryggingaskuld í byrjun árs	1.305.192	-	579.888	50.005	1.935.085
Rekstrarhreyfingar					
Vátryggingatekjur	(2.822.723)	-	-	-	(2.822.723)
Tjón og annar kostnaður á árinu	-	-	1.879.045	46.165	1.925.210
Tjónaþróun fyrri ára	-	-	115.505	(14.050)	101.455
Kostnaður af vátryggingastarfsemi samtals	-	-	1.994.550	32.115	2.026.665
Afkoma af vátryggingum	(2.822.723)	-	1.994.550	32.115	(796.058)
Fjármagnsliðir vátrygginga	-	-	38.160	-	38.160
Áhrif á rekstrarafkomu samtals	(2.822.723)	-	2.032.710	32.115	(757.898)
Sjóðstreymi					
Greidd iðgjöld	2.807.562	-	-	-	2.807.562
Greidd tjón og annar kostnaður	-	-	(1.830.340)	-	(1.830.340)
Sjóðstreymi samtals	2.807.562	-	(1.830.340)	-	977.222
Vátryggingaskuld í lok árs	1.290.031	-	782.258	82.120	2.154.409

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

21 Leiguskuldbinding

Samstæðan er með leigusamninga um fyrrum starfsstöðvar sínar við Borgartún 25 í Reykjavík. Gerðir hafa verið framleigusamningar á móti leigusamningum um Borgartún 25 og eru þeir metnir á 11 millj. kr. og eignfærðir meðal annarra krafna.

Leiguskuldbinding greinist þannig:

	2025	2024
Staða í byrjun árs	69.385	120.469
Afborganir á árinu	(62.184)	(59.678)
Hækkun vegna verðbóta	3.295	8.594
Staða í lok árs	10.496	69.385

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

	2025	2024
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	1.594	3.916

22 Víkjandi lán

Í árslok 2020 gaf félagið út víkjandi lán að nafnverði 1.000 millj. kr. Heildar útgáfuheimild er 2.000 millj. kr. Útgáfan ber fasta 3,9% verðtryggða ársvexti með 100 pkt. hækkun eftir 12 ár frá útgáfudegi og verða þá eftirleiðis 4,9% fastir verðtryggðir ársvextir. Útgáfan telst til gjaldþols félagsins, hún er gefin út til 32 ára með uppgreiðsluheimild og heimild til að fresta greiðslu vaxta. Vextir eru greiddir tvisvar á ári og höfuðstóll er til greiðslu í einu lagi í lok lánstímans.

Víkjandi skuldabréf breyttist með eftirfarandi hætti:

	2025	2024
Staða í byrjun árs	1.322.995	1.262.754
Áfallnir vextir og verðbætur	100.244	109.404
Greiddir vextir	(51.260)	(49.163)
Staða í lok árs	1.371.979	1.322.995

23 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir greinast þannig:

	2025	2024
Viðskiptaskuldir	161.248	130.913
Skuldir við móðurfélag	28.592	19.615
Fyrirframgreidd iðgjöld	276.588	472.547
Ógreitt til opinberra aðila	558.661	406.212
Aðrar skammtímaskuldir og áfallin gjöld	317.779	468.738
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir samtals	1.342.868	1.498.025

24 Arður

Á aðalfundi 2025 var samþykkt að greiða engan arð til hluthafa vegna ársins 2024 en á hluthafafundi í desember var samþykkt að greiða 2.500 millj. kr. í arð. Stjórn Varðar leggur til að ekki verði greiddur frekari arður til eigenda félagsins vegna rekstrarársins 2025.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

25 Gjaldþol

Útreikningur, samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi, á gjaldþolskröfu samstæðunnar í árslok gaf 10.049,4 millj. kr. Reiknað gjaldþol samstæðunnar er 15.600,3 millj. kr. Gjaldþolshlutfall er hlutfallið milli reiknaðs gjaldþols og lágmarksgjaldþols.

Gjaldþol og gjaldþolskrafa	**2025**	**2024**
Gjaldþol	15.600.285	15.790.620
Gjaldþolskrafa (SCR)	10.049.398	9.347.119
Gjaldþolshlutfall	155%	169%
Gjaldþol til að mæta MCR	14.808.073	15.202.958
Lágmarksfjármagn (MCR)	3.757.921	3.676.665
Lágmarksfjármagnshlutfall	394%	413%

Sundurliðun gjaldþolskröfu		
Líftryggingaráhætta	501.763	531.335
Heilsutryggingaráhætta	1.507.265	1.374.418
Skaðatryggingaráhætta	5.914.158	5.610.894
Markaðsáhætta	6.435.359	5.919.732
Mótaðilaáhætta	1.077.903	1.087.429
Fjölþættingaráhrif	(4.625.573)	(4.382.364)
Grunngjaldþolskrafa (Basic SCR)	10.810.875	10.141.444
Rekstraráhætta	638.523	605.675
Aðlögun vegna frestaðra skatta	(1.400.000)	(1.400.000)
Gjaldþolskrafa (SCR)	10.049.398	9.347.119

Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé félagsins auk gjaldþolshlutfalls í árslok:

	2025	**2024**
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi	13.398.738	13.778.943
Víkjandi lán	1.371.979	1.322.995
Leiðrétting til samræmis við matsreglur Solvency II	1.035.524	894.638
Viðskiptavild	(205.956)	(205.956)
Reiknað gjaldþol	15.600.285	15.790.620
Gjaldþolshlutfall	155%	169%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

26 Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Stjórnarmenn Varðar, varamenn, lykilstjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra, sem og lögaðilir undir þeirra yfirráðum, teljast vera tengdir aðilar. Arion banki, móðurfélag Varðar, dóttur- og hlutdeildarfélög bankans teljast einnig tengdir aðilar. Viðskipti samstæðunnar við tengda aðila eru gerð á markaðsvirði og armslengdarsjónarmiða gætt. Hér að neðan er yfirlit yfir viðskipti samstæðunnar á árinu við tengda aðila og lögaðila tengda þeim.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2025	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag	555.841	1.504.761	1.784	28.592
Dóttur- og hlutdeildarfélög móðurfélagsins	20.616	-	5.033	-
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	8.160	37.434	1.709	302
Samtals	584.617	1.542.195	8.526	28.894

2024	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag	507.209	1.443.467	2.089	15.419
Dóttur- og hlutdeildarfélög móðurfélagsins	26.702	-	7.162	33
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	6.579	4.514	1.742	7
Samtals	540.490	1.447.981	10.993	15.459

27 Liðir utan efnahags

Heildarskuldbinding vegna óinnkallaðra fjárfestinga til framtakssjóða í árslok nam 696,0 millj. kr. (2024: 304,7 millj. kr.).

28 Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir reikningsskiladag sem krefjast myndu lagfæringar og breytingar á samstæðureikningi félagsins 2025. Þann 24. febrúar 2026 staðfestu stjórn og forstjóri ársreikning samstæðunnar.

29 Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2025	2024	2023	2022
Tjónahlutfall	69,3%	69,7%	74,8%	72,8%
Endurtryggingahlutfall	1,2%	0,2%	3,0%	1,4%
Kostnaðarhlutfall	19,3%	19,0%	19,2%	19,1%
Samsett hlutfall	89,8%	88,9%	97,0%	93,3%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	17,9%	36,8%	10,6%	-1,8%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	13,7%	30,8%	8,7%	-2,1%
Eiginfjárhlutfall	34,2%	35,5%	30,9%	31,5%
Gjaldþolshlutfall	155%	169%	142%	145%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring

Samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og stendur frammi fyrir eftirtöldum áhættum:

Vátryggingaráhættu	Fjárhagslegri áhættu
- Endurtryggingaráhættu	- Mótaðilaáhættu
	- Lausafjáráhættu
	- Markaðsáhættu
	- Rekstraráhættu
	- Eiginfjáráhættu

Í skýringunum hér á eftir er gerð grein fyrir ofantöldum áhættum og þeim leiðum sem samstæðan beitir til þess að stýra þeim. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem hún býr við, setja viðmið og hafa eftirlit með þróun áhættu.

Vátryggingaráhætta

Samstæðan gefur út vátryggingarsamninga á sviði skaðatrygginga og líftrygginga. Skaðatryggingagreinarnar eru ökutækjatryggingar, eignatryggingar, sjótryggingar, ábyrgðartryggingar og slysa- og sjúkratryggingar. Samstæðan kaupir endurtryggingar til að milda áhættu í samræmi við endurtyggingarstefnu.

Megináhættan sem samstæðan stendur frammi fyrir vegna hvers vátryggingarsamnings er annars vegar líkur þess að hinn vátryggði atburður eigi sér stað og hins vegar óvissan um heildarfjárhæð tjóns. Eðli vátryggingarsamnings, þar sem greiðsla fyrir þjónustuna (iðgjöld) eru innheimt fyrirfram en þjónustan veitt síðar, felur í sér að þessi áhætta er slembiáhætta og þess vegna ekki fyrirsjáanleg.

Í safni vátryggingarsamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðlagningu og mat, stendur samstæðan frammi fyrir þeirri megináhættu að tjónagreiðslur verði umfram tjónaskuld. Þetta getur gerst ef fjöldi (tjónatíðniáhætta) eða alvarleiki (tjónsfjárhæðaáhætta) tjóna verður meiri en áætlað hefur verið.

Stjórnendur samstæðunnar beita ýmsum aðferðum til að stýra vátryggingaráhættu. Sem dæmi má nefna skilgreint og skjalfest áhættumat þar sem í gildi eru ákveðin fjárhæðamörk og læknisskoðana krafist eftir fyrirfram skilgreindum viðmiðum. Stjórnendur samstæðunnar mæla reglulega hvort iðgjöld í hverri grein standi undir tjónum greinarinnar.

Markmið endurtryggingarsamninga samstæðunnar er að takmarka áhættu gagnvart stór- og/eða hamfaratjónum og jafna sveiflur í afkomu einstakra tryggingagreina af völdum slíkra tjóna. Endurtryggingar gera samstæðunni jafnframt kleift að taka á sig stærri vátryggingaráhættur og þjóna þannig þörfum markaðarins, sérstaklega fyrirtækja og stofnana sem mörg hver vátryggja eignir með verðmæti langt umfram iðgjöld og eigið fé samstæðunnar. Endurtryggjendur skulu hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki sem samsvarar til A eða hærra í langtímamati frá Standard & Poor´s. Almennt eru gerðir umframáhættusamningar. Slíkir samningar uppfylla langstærstan hluta endurtryggingaþarfar samstæðunnar þar sem þeir virka hvoru tveggja sem vernd fyrir einstakar áhættur (stórtjón) og einnig sem vernd vegna stærri atburða sem snerta margar áhættur í einu (hamfaratjón).

Til að mæta áhættu á vanmati skuldar vegna orðinna tjóna er hún endurreiknuð ársfjórðungslega. Hvert tjón sem þegar er tilkynnt til félagsins skal samkvæmt verklagi áætla með mati á endanlegum kostnaði vegna tjónsins. Þegar lítið liggur fyrir af upplýsingum um tjón er fyrsta áætlun byggð á mati félagsins á endanlegum tjónakostnaði í sambærilegu tjóni. Þegar meiri upplýsingar berast er áætlun uppfærð á hverju tjóni fyrir sig, eftir gögnum málsins. Verklag er reglulega endurskoðað til þess að bæta þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar skuldin er reiknuð.

Vátryggingaskuld samstæðunnar er fjármögnuð með fjárfestingum í skuldabréfum og öðrum fjáreignum sem eru háðar markaðsáhættu. Fjárfestingareignir sem ætlað er að mæta vátryggingaskuld eru samkvæmt fjárfestingarstefnu að stærstum hluta í skuldabréfum og innlánum. Hlutabréfa- og endurfjármögnunaráhætta er því takmörkuð.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu vátryggingaskuldar eftir tryggingastarfsemi:

	2025			2024		
	Heild	Hlutur endurtr.	Eigin hlutur	Heild	Hlutur endurtr.	Eigin hlutur
Skaðatryggingastarfsemi	20.268.470	(376.726)	19.891.744	19.347.517	(433.695)	18.913.822
Líftryggingastarfsemi	2.166.990	(268.241)	1.898.749	2.154.409	(241.700)	1.912.709
Samtals	22.435.460	(644.967)	21.790.493	21.501.926	(675.395)	20.826.531

Skuldbinding samstæðunnar vegna orðinna tjóna er næm fyrir eftirfarandi þáttum og sýnir taflan áhrif á afkomu samstæðunnar eftir skatta:

	2025			
	Forsendu-breyting	Vátr. skuldbind.	Eigin vátr. skuldbind.	Áhrif á eigið fé
Meðaluppgjörstími tjóna lengist um	6 mán	297.552	288.102	(230.482)
Meðaluppgjörstími tjóna styttist um	6 mán	(297.552)	(288.102)	230.482
Væntur tjónskostnaður	+ 10%	1.782.670	1.736.675	(1.389.340)
Væntur tjónskostnaður	- 10%	(1.782.670)	(1.736.675)	1.389.340

	2024			
	Forsendu-breyting	Vátr. skuldbind.	Eigin vátr. skuldbind.	Áhrif á eigið fé
Meðaluppgjörstími tjóna lengist um	6 mán	376.857	364.708	(291.767)
Meðaluppgjörstími tjóna styttist um	6 mán	(376.857)	(364.708)	291.767
Væntur tjónskostnaður	+ 10%	1.682.868	1.635.902	(1.308.722)
Væntur tjónskostnaður	- 10%	(1.682.868)	(1.635.902)	1.308.722

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

Tjónaþróun:

Til viðbótar við framtíðarspár gefur þróun vátryggingaskuldar mælikvarða á getu félagsins til að ákvarða endanlega tjónafjárhæð. Í efri hluta töflunnar (heildarfjárhæðir) kemur fram hvernig heildarfjárhæð tjóna, tilkynnt og ótilkynnt, hefur þróast síðustu ár. Í neðri hluta töflunnar eru uppsafnaðar greiðslur loka tímabilsins. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Skaðatryggingar	**2019**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**	**2024**	**2025**	**Samtals**
Mat á endanlegum tjónakostnaði								
- í lok tjónsárs	7.147.188	7.663.825	8.726.158	11.356.432	13.052.238	14.495.138	14.979.668	
- einu ári síðar	7.079.509	8.281.975	8.898.599	11.778.186	12.862.091	14.369.595		
- tveimur árum síðar	7.003.910	7.662.362	8.760.124	11.642.340	12.525.571			
- þremur árum síðar	7.300.332	7.703.954	8.568.662	11.895.708				
- fjórum árum síðar	7.187.811	7.585.741	8.301.316					
- fimm árum síðar	6.874.638	7.552.358						
- sex árum síðar	6.835.734							
Tjónamat í árslok	6.835.734	7.552.358	8.301.316	11.895.708	12.525.571	14.369.595	14.979.668	76.459.950
Greiðslur								
- í lok tjónsárs	3.013.092	3.196.949	3.553.715	4.843.759	5.658.821	6.451.091	6.623.818	
- einu ári síðar	4.184.746	4.585.844	4.911.711	6.917.665	7.935.871	9.384.413		
- tveimur árum síðar	5.360.449	5.897.807	6.329.029	8.923.094	9.720.461			
- þremur árum síðar	6.296.695	6.692.650	7.432.913	10.431.503				
- fjórum árum síðar	6.618.807	7.054.364	7.740.808					
- fimm árum síðar	6.693.208	7.235.780						
- sex árum síðar	6.715.484							
Greiðslur í árslok	6.715.484	7.235.780	7.740.808	10.431.503	9.720.461	9.384.413	6.623.818	57.852.267
Tjónaskuld í árslok	120.250	316.578	560.508	1.464.205	2.805.110	4.985.182	8.355.850	18.607.683
Tjónaskuld 2018 og fyrr								236.220
Áhrif núvirðingar								(1.817.044)
Áhættuálag								764.279
Skuldbinding vegna orðinna tjóna í árslok								17.791.138

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

Líftryggingar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
Mat á endanlegum tjónakostnaði								
- í lok tjónsárs	667.999	799.704	627.694	856.096	939.543	1.189.699	1.161.754	
- einu ári síðar	572.453	851.398	700.024	847.772	1.019.672	1.127.769		
- tveimur árum síðar	546.538	860.124	738.504	891.214	957.408			
- þremur árum síðar	582.413	839.378	752.689	879.431				
- fjórum árum síðar	569.795	841.731	736.846					
- fimm árum síðar	571.387	840.115						
- sex árum síðar	601.926							
Tjónamat í árslok	601.926	840.115	736.846	879.431	957.408	1.127.769	1.161.754	6.305.249
Greiðslur								
- í lok tjónsárs	356.264	469.179	357.369	478.116	578.425	683.698	705.707	
- einu ári síðar	514.243	765.468	580.605	700.121	851.514	943.329		
- tveimur árum síðar	529.814	802.612	668.300	780.757	861.436			
- þremur árum síðar	561.401	809.135	700.361	818.276				
- fjórum árum síðar	563.310	812.267	711.526					
- fimm árum síðar	564.230	814.783						
- sex árum síðar	583.669							
Greiðslur í árslok	583.669	814.783	711.526	818.276	861.436	943.329	705.707	5.438.726
Tjónaskuld í árslok	18.257	25.332	25.320	61.155	95.972	184.440	456.047	866.523
Tjónaskuld 2018 og fyrr								108.752
Áhrif núvirðingar								(136.278)
Áhættuálag								66.118
Skuldbinding vegna orðinna tjóna í árslok								905.115

30 Áhættustýring (framhald)

Endurtryggingaráhætta

Endurtryggingaráhætta felst í því að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Oft tekur langan tíma að gera upp tjón. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Samstæðan hefur sett sér endurtryggingarstefnu þar sem fram kemur að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu samstæðan tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Hlutfallsleg skipting iðgjalda til endurtryggjenda eftir lánshæfismati skv. mælikvarða S&P er eftirfarandi:

	2026	2025
AA	7,3%	11,2%
AA-	61,8%	51,8%
A+	25,7%	29,6%
A	4,4%	6,5%
A-	0,8%	0,9%
Samtals	100,0%	100,0%

Fjárhagsleg áhætta

Mótaðilaáhætta

Í mótaðilaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Mótaðilaáhættu tengdri skuldabréfaeign er stýrt með reglum í samþykktri fjárfestingarstefnu. Í stefnunni er gert ráð fyrir fjárfestingum í skuldabréfum traustra útgefenda og hámark er á fjárfestingum í bréfum einstakra útgefenda. Fjárfestingaráð fer reglulega yfir samsetningu eignasafnsins með tilliti til fjárfestingastefnunnar og mögulegra breytinga á áhættu í því.

Endurtryggjendur eru valdir með tilliti til lánshæfismats eins og nánar er lýst hér að framan.

Útlánaáhætta tengd vanskilum viðskiptavina á iðgjöldum er takmörkuð við það tímabil sem tekur að segja upp tryggingarsamningum. Reglulegum mælingum á ógreiddum iðgjöldum og aldursgreiningu þeirra er ætlað að mæta og stýra þeirri áhættu vegna viðskiptakrafna. Að auki er farið yfir viðskiptasögu og lánshæfi nýrra viðskiptavina.

Áhætta vegna mótaðila á uppgjörsdegi var sem hér segir:

	2025	2024
Skuldabréfaeign	24.330.047	24.329.781
Endurtryggingaeignir	644.967	675.395
Kröfur vegna vátryggingastarfsemi	1.147.229	811.623
Handbært fé	399.641	768.966
Samtals	26.521.884	26.585.765

Alþjóðlegt lánshæfismat útgefanda skuldabréfa samstæðunnar greinist þannig skv. mælikvarða S&P:

	2025	2024
AAA	106.630	-
AA	-	1.165.895
A	18.640.179	17.511.806
BBB	10.239	458.985
BB	-	-
Skuldabréfaeign án alþjóðlegs lánshæfismats	5.572.999	5.193.095
Skuldabréfaeign samtals	24.330.047	24.329.781

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar um greiðslu tjóna þegar þær gjaldfalla. Áhættustýring samstæðunnar lágmarkar lausafjáráhættu með því að sjá til þess að nægjanlegt handbært fé sé fyrir hendi á hverjum tíma. Samstæðan hefur auk þess þá stefnu að skráðar fjárfestingareignir samstæðunnar, sem eru stór hluti af heildareignum þess, sé hægt að innleysa með stuttum fyrirvara. Skuldabréf eru flokkuð eftir líftíma en þau eru auðseljanleg til að mæta skuldbindingum. Hlutabréf eru talin til eigna sem hægt er að selja innan árs. Sjóðir eru flokkaðir eftir binditíma.

Niðurbrot á líftíma tjónaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda, byggt á núvirði besta mats skuldarinnar:

	2025						
Tjónaskuld	**< 1 ár**	**1-2 ár**	**2-3 ár**	**3-4 ár**	**4-5 ár**	**> 5 ár**	**Samtals**
Skaðatryggingar	8.150.216	4.842.617	2.061.509	792.447	352.411	454.053	16.653.253
Líftryggingar	192.788	114.609	47.521	25.039	15.170	65.084	460.211
Samtals	8.343.004	4.957.226	2.109.030	817.486	367.581	519.137	17.113.464

	2024						
Tjónaskuld	**< 1 ár**	**1-2 ár**	**2-3 ár**	**3-4 ár**	**4-5 ár**	**> 5 ár**	**Samtals**
Skaðatryggingar	7.591.459	213.663	1.948.245	701.756	311.447	4.785.269	15.551.839
Líftryggingar	164.956	127.448	37.561	28.222	12.863	57.426	428.476
Samtals	7.756.415	341.111	1.985.806	729.978	324.310	4.842.695	15.980.315

Niðurbrot fjáreigna eftir líftíma er eins og hér segir:

	2025						
Fjáreignir	**< 1 ár**	**1-2 ár**	**2-3 ár**	**3-4 ár**	**4-5 ár**	**> 5 ár**	**Samtals**
Handbært fé	399.641	-	-	-	-	-	399.641
Hlutabréf og sjóðir	10.318.151	185.957	137.902	715.841	-	589.118	11.946.969
Skuldabréf	5.303.386	2.621.849	2.681.896	2.679.006	4.985.782	6.058.128	24.330.047
Samtals	16.021.178	2.807.806	2.819.798	3.394.847	4.985.782	6.647.246	36.676.657

	2024						
Fjáreignir	**< 1 ár**	**1-2 ár**	**2-3 ár**	**3-4 ár**	**4-5 ár**	**> 5 ár**	**Samtals**
Handbært fé	768.966	-	-	-	-	-	768.966
Hlutabréf og sjóðir	10.059.496	9.104	308.316	541.179	-	542.256	11.460.351
Skuldabréf	2.065.341	6.318.659	1.547.806	1.900.123	975.337	11.522.515	24.329.781
Samtals	12.893.803	6.327.763	1.856.122	2.441.302	975.337	12.064.771	36.559.098

	2025			2024		
Fjáreignir	**Innan við 12 mán.**	**Meira en 12 mán.**	**Samtals**	**Innan við 12 mán.**	**Meira en 12 mán.**	**Samtals**
Handbært fé	399.641	-	399.641	768.966	-	768.966
Hlutabréf og sjóðir	10.318.151	1.628.818	11.946.969	10.059.496	1.400.855	11.460.351
Skuldabréf	5.303.386	19.026.661	24.330.047	2.065.341	22.264.440	24.329.781
Samtals	16.021.178	20.655.479	36.676.657	12.893.803	23.665.295	36.559.098
Endurtryggingaeignir	395.390	249.577	644.967	459.791	215.604	675.395
Samtals	395.390	249.577	644.967	459.791	215.604	675.395
Vátryggingaskuld	(12.289.612)	(10.145.848)	(22.435.460)	(11.969.333)	(9.532.593)	(21.501.926)
Samtals	(12.289.612)	(10.145.848)	(22.435.460)	(11.969.333)	(9.532.593)	(21.501.926)

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsvöxtum, verðbólgu, verði hlutabréfa og gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á virði fjármálagerninga og þar með afkomu samstæðunnar.

Til að stýra markaðsáhættu hefur samstæðan sett sér fjárfestingarstefnu þar sem skilgreind eru markmið og vikmörk fyrir einstaka eignaflokka. Starfsmenn samstæðunnar fylgjast daglega með breytingum á markaði og þannig er virk stýring safnsins innan markmiða og vikmarka fjárfestingarstefnu tryggð. Samstæðan hefur gert samkomulag við fjárvörsluaðila sem fylgist með breytingum á mörkuðum og bregst við með fjárfestingum í mismunandi eignum í samræmi við fjárfestingarstefnu samstæðunnar. Stjórnendur samstæðunnar funda að lágmarki ársfjórðungslega með eignastýringaraðila og yfirfara árangur og horfur á markaði. Stjórn samstæðunnar fylgist með heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar á mánaðarlegum fundum sínum.

Gerð er næmnigreining fyrir ákveðnum þáttum markaðsáhættu sem sýnir hvernig breytingar á virði fjárfestinga sveiflast vegna breytinga á t.d. verði, vöxtum og verðbólgu og hvaða áhrif það myndi hafa á afkomu og eigið fé samstæðunnar.

i. Vaxtaáhætta

Stór hluti fjáreigna samstæðunnar eru vaxtaberandi ríkisskuldabréf. Næmnigreining fyrir vaxtaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum á reikningsskiladegi. Markaðsvextir ársins 2025 á óverðtryggðum skuldabréfum voru frá 6,19% til 8,60% og 2,51% til 8,00% á verðtryggðum skuldabréfum (2024: 6,03% til 10,55% og 2,18% til 5,48%). Vaxtaberandi skuldabréf og eignir og skuldir vegna orðinna tjóna eru næm fyrir breytingum á vöxtum. Laust fé félagsins er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Endurtryggingar tjóna	**2025**	**2024**
Skaðatryggingar	390.692	526.629
Líftryggingar	387.505	363.831
Samtals	778.197	890.460
Skuld vegna orðinna tjóna		
Skaðatryggingar	(17.791.138)	(16.786.303)
Líftryggingar	(905.115)	(864.378)
Samtals	(18.696.253)	(17.650.681)
Skuldabréfaeign	24.330.047	24.329.781

	Breyting á vöxtum	**Áhrif á afkomu 2025**	**2024**
Eignir og skuldir vegna orðinna tjóna	+ 100 pkt	202.167	187.384
Skuldabréfaeign	+ 100 pkt	(699.149)	(705.137)
Eignir og skuldir vegna orðinna tjóna	- 100 pkt	(208.274)	(193.469)
Skuldabréfaeign	- 100 pkt	699.149	705.137

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

30 Áhættustýring (framhald)

ii. Verðáhætta

Næmnigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna samstæðunnar er bókfærður á gangvirði og gangvirðisbreytingarnar færðar í rekstrarreikning, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur samstæðunnar.

Öll hlutabréf félagsins eru færð á gangvirði. Í árslok 2025 hefði 10% lækkun á skráðum hlutabréfum leitt til 750,3 millj. kr. minni hagnaðar (2024: 738,6 millj. kr. minni hagnaðar) og 10% lækkun á óskráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum leitt til 444,4 millj. kr. minni hagnaðar (2024: 407,4 millj. kr. minni hagnaður).

iii. Gjaldmiðlaáhætta

Samstæðan fjárfestir óverulega í fjáreignum í gjaldmiðlum öðrum en starfrækslugjaldmiðli sínum en verðbréf og handbært fé í erlendri mynt námu um 1.037,1 millj. kr. í lok árs 2025, þar af 697,4 millj. kr. í EUR og 339,7 millj. kr. í öðrum gjaldmiðlum (2024: 401,9 millj. kr.). Af slíkum fjárfestingum leiðir að samstæðan ber áhættuna af því að breytingar á gengi starfrækslugjaldmiðilsins gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafi áhrif á þær eignir sem um ræðir. Lækkun á gengi krónu um 10% gagnvart stærstu gjaldmiðlum myndi hafa 103,7 millj. kr. (2024: 40,2 millj. kr.) áhrif til lækkunar.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á mögulegu óbeinu tapi í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag og utanaðkomandi þætti svo sem lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír hennar verði fyrir skaða.

Til þess að lágmarka rekstraráhættu gerir samstæðan m.a. kröfur um að verkefni og starfsskyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun starfsfólks og faglegri uppbyggingu samstæðunnar.

Eiginfjáráhætta

Eiginfjáráhætta er hættan á að gæði eða magn eigin fjár séu ekki nægileg til að geta mætt kröfum um styrk til að samstæðan geti staðið við skuldbindingar sínar þrátt fyrir áföll. Samstæðan framkvæmir eigið áhættu- og gjaldþolsmat árlega (ORSA), en þar er fjárhagslegur styrkur metinn og jafnframt horft til framtíðar. Eiginfjáráhættu er stýrt með því að tryggja samstæðunni nægt eigið fé á hverjum tíma.

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna félagsins og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja enn fremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti fyrir félagið og eigendur þess. Stjórn Varðar trygginga hf. („Vörður") leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Í mars 2019 hlaut Vörður tryggingar hf. í fyrsta sinn viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum hjá Stjórnvísi að undangengnu formlegu mati á starfsháttum stjórnar, undirnefnda og stjórnenda sem byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland („Leiðbeiningar") gefa út. Í ágúst 2025 fékk Vörður viðurkenningu sína endurnýjaða.

Lagarammi um starfsemina og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Vörður er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda m.a. lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 („vtsl") og lög um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl"). Félagið er vátryggingafélag og er því eftirlitsskyldur aðili sem lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabankans („FME"), sbr. lög nr. 87/1998. Lög og reglur sem varða starfsemi vátryggingafélaga má nálgast m.a. á vefsíðu Seðlabankans, www.sedlabanki.is, og á vef Alþingis, www.althingi.is. Arion banki er stærsti eigandi Varðar en hann tók við eignarhlut BankNordik í félaginu seinni hluta árs 2016 og fer nú með alla hluti fyrir utan einn sem dótturfélag Varðar, Vörður líftryggingar hf. („Vörður líf"), fer með. Vörður líf, lýtur sjálfstæðri stjórn sem tekur ákvarðanir um öll meiriháttar málefni félagsins. Vörður líf hefur falið Verði að annast allan daglegan rekstur félagsins á grundvelli útvistunarsamnings. Þannig eru engir eiginlegir starfsmenn hjá Verði líf heldur leysa starfsmenn Varðar öll þau daglegu verkefni sem tilheyra rekstri Varðar lífs.

Verði ber, samkvæmt vtsl., að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Félagið tekur mið af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland og eru aðgengilegar á vefsíðunni www.leidbeiningar.is. Vtsl. og hfl. innihalda einnig sérreglur um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag sem ganga í einhverjum tilfellum lengra en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er sett þannig fram að fyrst er fjallað almennt um félagið, stjórn þess og skipulag, síðan eru stjórnarhættir félagsins yfirfarnir og frávik frá leiðbeiningum tilgreind þegar við á. Grundvöllur góðra stjórnarhátta fyrirtækja er „fylgið eða skýrið" sem leggur þær skyldur á herðar stjórnum sem fylgja leiðbeiningunum, að þær útskýri og geri skilmerkilega grein fyrir öllum frávikum frá leiðbeiningunum í stjórnarháttayfirlýsingu.

Félagið víkur að hluta frá leiðbeiningunum varðandi opinbera upplýsingagjöf og hefur hingað til ekki birt á heimasíðu sinni, upplýsingar um hluthafafundi, þ.m.t. tímasetningar og upplýsingar um framboð til stjórnar. Ekki hefur verið talin þörf á slíkri upplýsingagjöf enda einungis um að ræða einn aðal eiganda. Í ljósi þessa hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að upplýsingar eru sendar hluthafa innan tilskilinna tímamarka og samtímis gerðar aðgengilegar á skrifstofu félagsins eins og lög gera ráð fyrir. Ekki er til staðar tilnefningarnefnd hjá Verði líkt og ákvæði 1.5.1. leiðbeininganna gerir kröfu um, en hlutverk slíkrar nefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu og gæta jafnframt að hagsmunum allra hluthafa. Hér er því um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti að ræða en ekki hefur þótt ástæða til skipunar slíkrar nefndar þar sem eignarhald félagsins er einfalt og ekki um það að ræða að gæta þurfi hagsmuna margra.

Samsetning stjórnar og undirnefndir

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Varðar í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 27. mars 2025 og var ný stjórn kjörin. Stjórn Varðar samanstendur af fimm stjórnarmönnum og tveimur varamönnum, í samræmi við samþykktir félagsins.

Stjórn annast þann þátt rekstrar sem ekki telst til daglegs rekstrar samanber það sem fram kemur í starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður félagsins ber ábyrgð á að boðað sé til stjórnarfunda auk þess sem hann ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa og gerir stjórn, eftir atvikum, grein fyrir þeim samskiptum á stjórnarfundum. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna, en hlutverk hennar er ítarlega skilgreint í gildandi starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar voru uppfærðar og samþykktar á öðrum ársfjórðungi 2025. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef félagsins, www.vordur.is. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum og fundargerðir eru haldnar um það sem fram fer á stjórnarfundum og eru þar bókaðar allar ákvarðanir sem teknar eru. Stjórn var ákvörðunarbær á öllum fundum á starfsárinu. Stjórn hélt alls 10 stjórnarfundi á árinu. Samkvæmt starfsreglum skulu fundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórn félagsins er skipuð aðilum með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem gerir henni kleift að fást við og sinna málefnum félagsins af þekkingu, skilvirkni og heilindum.

Stjórnarháttayfirlýsing 2025 - óendurskoðuð

Samkvæmt starfsreglum stjórnar er það formaður stjórnar sem ber ábyrgð á samskiptum við forstjóra félagsins og eftir atvikum aðra starfsmenn félagsins á milli stjórnarfunda. Formaður stjórnar ber jafnframt ábyrgð á samskiptum við hluthafa. Samskipti við hluthafa fara fyrst og fremst fram á hluthafafundum en stjórnarformaður á þó góð samskipti við eiganda á milli funda en ef slík samskipti eiga sér stað er greint frá þeim á stjórnarfundum.

Stjórn Varðar framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur m.a. störf sín, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, samsetningu stjórnar m.t.t. reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu forstjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda. Tilgangur slíks árangursmats er að hjálpa stjórnarformanni og stjórn að meta skilvirkni starfa sinna ásamt því að vinna að framþróun og umbótum í störfum stjórnarinnar. Árangursmati er þannig ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni.

Stjórn Varðar var skipuð eftirfarandi aðilum á aðalfundi félagsins í mars 2025; Benedikt Olgeirsson, stjórnarformaður, Ólafur Hrafn Höskuldsson, varaformaður, Guðný Benediktsdóttir, Steinunn Kristín Þórðardóttir og Auður Björk Guðmundsdóttir. Varamenn voru kjörnir Hjördís Gulla Gylfadóttir og Auður Ósk Þórisdóttir. Stjórnina skipa því tveir karlar og þrjár konur og er því ákvæði 63. gr. hlutafélagalaga um kynjahlutfall stjórnar virt að fullu.

Benedikt Olgeirsson, fæddur 4. október árið 1961. Benedikt var fyrst kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2017 og gegnir stjórnarformennsku í Verði og Verði líftryggingum hf. Hann er ekki hluthafi í Verði né Verði líf og er *óháður* stjórnarmaður. Benedikt situr í starfskjaranefnd Varðar og gegnir þar formennsku. Benedikt lauk meistaraprófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Benedikt er sjálfstætt starfandi og situr m.a. í stjórn Heima hf. og Klasa ehf. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri þróunar hjá Landspítalanum, aðstoðarforstjóri Landspítalans, framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. og framkvæmdastjóri Parlogis ehf. Hann hefur jafnframt starfað sem stjórnandi hjá Eimskip auk þess að hafa setið í stjórnum ýmissa félaga s.s. Arion banka hf., Promens hf., Icepharma hf., Parlogis ehf. og InterBulk Group.

Ólafur Hrafn Höskuldsson, fæddur 1. júlí 1981. Ólafur tók sæti í stjórn Varðar trygginga á aðalfundi félagsins 2020. Ólafur er *háður* stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem hann er starfsmaður eiganda. Ólafur er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands 2006 og starfar sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka. Áður starfaði hann m.a. hjá Royal Bank of Scotland í London og New York frá 2010 til 2016 og þar áður hjá Straumi-Burðarás í London. Áður en hann hóf störf hjá Arion banka 2019 starfaði hann hjá Títan fjárfestingafélagi. Ólafur situr í stjórnum dótturfélaga Arion banka hf. s.s. Eignarbjargs ehf. og Landeyjar.

Steinunn Kristín Þórðardóttir, fædd 9. apríl 1972. Steinunn tók sæti í stjórn Varðar trygginga á hluthafafundi félagsins í maí 2024. Steinunn er *háður* stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem hún situr í stjórn eiganda. Steinunn er með meistaragráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórnmálafræði frá University of South Carolina. Steinunn sat áður í ýmsum stjórnum í Evrópu og var í stjórn Bankasýslu ríkisins árið 2011. Steinunn starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi frá 2015 til 2017 og sem tímabundinn forstjóri hjá Beringer Finance á Íslandi. Hún var einnig forstöðumaður alþjóðadeildar fyrirtækisins á sviði matvæla og sjávarfangs. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Acton Capital AS í Noregi og hefur unnið þar við fjárfestingar og ráðgjöf. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), sem framkvæmdastjóri bankans á Bretlandi og fyrir það leiddi hún svið alþjóðalánveitinga og sambankalána sem forstöðumaður bankans. Í dag vinnur Steinunn með tæknifyrirtækjum í Noregi bæði sem fjárfestir og ráðgjafi hvað varðar stefnumótun. Hugbúnaðarfyrirtækin sem hún vinnur með eru alþjóðleg uppskölunarfyrirtæki, og er Steinunn stjórnarformaður Acton Capital AS. Hún er jafnframt stjórnarformaður Norsk-íslenska viðskiptaráðsins. Þá situr Steinunn í tilnefningarnefnd Símans og er í stjórn hugbúnaðarfyrirtækisins Öldu á Íslandi. Enn fremur er hún leiðbeinandi ungra hæfileikaríkra kvenna og stofnandi Women Empower Women og stjórnarformaður Ólafíusjóðs, góðgerðasamtaka í Noregi.

Guðný Benediktsdóttir, fædd 19. september 1964. Guðný tók sæti í stjórn Varðar á hluthafafundi í september 2016. Guðný hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu og hefur ekki unnið önnur verkefni fyrir félagið og telst því *óháð.* Guðný hefur setið í endurskoðunarnefnd Varðar frá árinu 2018 og í starfskjaranefnd á árinu 2021-2022. Guðný er með próf í vélaverkfræði (Cand. Scient.) frá Háskóla Íslands frá árinu 1989 og MBA gráðu frá Colorado State University frá árinu 1991. Guðný starfar sem gæða- og mannauðsstjóri Fagkaupa. Guðný starfaði áður sem gæðastjóri hjá Sjóvá á árunum 2007-2012, sem framkvæmdastjóri Líflands 2012-2013, forstöðumaður þjónustu hjá Olíudreifingu 2013-2015 og rekstrarstjóri gæðakerfis Háskóla Íslands 2015-2023. Guðný hefur setið í stjórnum ýmissa félaga, s.s. stjórn Okkar líftrygginga hf. og stjórn Leiðtoga Auðar. Þá hefur hún gegnt formennsku í endurskoðunarnefndum Varðar, Okkar líftrygginga og Sjóvár.

Auður Björk Guðmundsdóttir, fædd 15. ágúst 1966. Hún tók sæti í stjórn Varðar trygginga á aðalfundi félagsins 2022 og hefur setið í starfskjaranefnd félagsins frá þeim tíma. Auður hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu og hefur ekki unnið önnur verkefni fyrir félagið og telst því *óháð*. Auður Björk er með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík og BA gráðu í almannatengslum og markaðsfræðum frá University of South Alabama. Auður hefur einnig lokið AMP stjórnendanámi frá IESE Business School í Barcelona og markþjálfunarnámi frá Opna háskólanum. Auður starfar sem ráðgjafi í stefnumótun og stjórnun hjá Expectus ráðgjöf og situr í stjórnum fyrirtækjanna Icelandic Trademark Holding þar sem hún er stjórnarformaður og Trackwell auk Varðar trygginga. Auður starfaði áður sem framkvæmdastjóri og meðeigandi fjártæknifyrirtækisins Aurbjörg og var framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs hjá VÍS tryggingum þar áður til fjölda ára. Auður hefur setið í stjórnum fjölda félaga s.s. Origo, Fly Play, Íslandspósti, Korta ehf. (nú Rapyd Europe), Framtakssjóði Íslands og Öryggismiðstöðinni.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru sendar hluthöfum fyrir hluthafafund, áður en stjórnarkjör fer fram. Lögum og reglum sem gilda um mat á óhæði stjórnarmanna er fylgt í hvívetna.

Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- **Endurskoðunarnefnd** er sameiginleg fyrir samstæðuna þ.e. Vörð og Vörð líf. Fulltrúar beggja stjórna sitja í nefndinni en þriðji aðili nefndarinnar er utanaðkomandi og skal stjórn Varðar tilnefna þann nefndarmann, sbr. starfsreglur stjórnar. Endurskoðunarnefnd skipa; Guðný Benediktsdóttir, formaður f.h. Varðar trygginga hf., Ingibjörg Arnarsdóttir f.h. Varðar líftrygginga hf., og Laufey Gunnarsdóttir, löggiltur endurskoðandi og starfar sem sérfræðingur í Reikningshaldi Arion banka. Nefndarmenn uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 3/2016, sbr. 108. gr. a. Hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni eru skilgreind í starfsreglum nefndarinnar sem endurskoðaðar eru árlega. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Endurskoðunarnefnd hélt 8 fundi á starfsárinu 2025-2026, auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur með stjórn Varðar og Varðar líf ásamt innri og ytri endurskoðendum um innra eftirlit og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd var ákvörðunarbær á öllum fundum.

- **Starfskjaranefnd** er sameiginleg fyrir samstæðuna og skal skipuð þremur aðilum sbr. starfsreglur stjórnar. Starfskjaranefnd skipa; Benedikt Olgeirsson, sem gegnir formennsku situr f.h. Varðar líftrygginga hf., Steinunn Kristín Þórðardóttir f.h. Varðar trygginga hf. og Auður Björk Guðmundsdóttir f.h. Varðar trygginga hf. Stjórn hefur sett starfsreglur fyrir starfskjaranefnd sem yfirfarnar eru árlega, en þar eru tilgreind helstu verkefni starfskjaranefndar. Starfskjarnanefnd fundaði 4 sinnum á starfsárinu 2025-2026 og voru allir fundir ákvörðunarbærir. Samkvæmt starfsreglum skal nefndin funda a.m.k. tvisvar á ári. Starfskjarastefna er í gildi og er hún yfirfarin árlega og samþykkt á aðalfundi. Bæði starfsreglur starfskjaranefndar og starfskjarastefna eru birtar á heimsíðu félagsins.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum og þá hefur stjórn einnig aðgang að fundargerðum þeirra. Endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd skila árlega skýrslu til stjórnar um helstu verkefni nefndanna á starfsárinu.

Forstjóri og aðrir stjórnendur

Forstjóri er ráðinn af stjórn félagsins og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart stjórn og hluthöfum. Honum ber að sjá til þess að rekstur félagsins sé í öllum atriðum samkvæmt lögum og reglum, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnar. Forstjóri félagsins Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, fædd 26. júlí 1980, til heimilis í Reykjavík. Guðbjörg Heiða lauk meistaraprófi í verkfræði frá Háskóla Íslands árið 2007. Guðbjörg Heiða hefur verið forstjóri Varðar frá 1. apríl 2023. Guðbjörg Heiða á engan eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru við félagið. Guðbjörg Heiða var Vice Executive President fyrir Fiskiðnað í Marel og Framkvæmdarstjóri Marel á Íslandi áður en hún hóf störf í Verði. Guðbjörg Heiða er í Viðskiptaráði og hefur auk þess setið í ýmsum stjórnum. Guðbjörg Heiða hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu.

Skipuriti félagsins var síðast breytt í ágúst 2025 til að styðja við vegferð félagsins, en skipuritið er birt á ytri vef félagsins. Auk forstjóra starfa fjórir framkvæmdastjórar hjá félaginu, sem í skipuriti heyra undir forstjóra, og er hver þeirra ábyrgur fyrir sínu sviði gagnvart honum. Framkvæmdastjórar eru; Helena Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjármála, Einar Sigursteinn Bergþórsson, framkvæmdastjóri Sölu og ráðgjafar og Hrefna Kristín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustu og Steinunn Linda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar. Framkvæmdastjórar búa yfir sérþekkingu, fjölbreyttri menntun og starfsreynslu sem nýtist félaginu í allri ákvarðanatöku. Þeir funda að jafnaði vikulega þar sem fundargerðir eru haldnar. Fundirnir eru ætlaðir til upplýsingagjafar þar sem framkvæmdastjórnin fær meðal annars upplýsingar um verkefni innan einstakra sviða ásamt því að samþætta þjónustuframboð félagsins í samræmi við stefnu þess. Á fundunum eru einnig teknar ákvarðanir um rekstrarmál sem geta gengið þvert á sviðin.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirlit er viðvarandi kerfi sem hefur þann tilgang að stuðla að og veita vissu um að félagið nái eftirtöldum markmiðum:

- Árangri og skilvirkni í starfseminni
- Áreiðanlegum fjárhagsupplýsingum
- Hlítni við lög og reglur

Stjórn hefur sett stefnu um innra eftirlit og er skilgreiningin eftirfarandi:

„Allt það ferli sem stuðlar að því að fyrirtækið nái settum markmiðum sínum".

Kerfi innra eftirlits samanstendur af stefnu stjórnar, innri verklagsreglum, fyrirbyggjandi aðgerðum, úttektum, skýrslum og gagnsærri upplýsingagjöf sem gerir kleift að greina, mæla og meta áhættur í rekstri Varðar. Horft er til innra eftirlitslíkans COSO teningsins og innra eftirliti skipt í fimm meginþætti sem ná til allra starfsemisþátta félagsins; eftirlitsumhverfis, áhættumats, eftirlitsaðgerða, upplýsinga og samskipta og stjórnendaeftirlits. Þessir fimm meginþættir þurfa að vera til staðar og virka til að innra eftirlit sé virkt og áhrifaríkt. Saman mynda þeir eina samþætta heild og draga úr líkum á að Vörður nái ekki markmiðum sínum.

Í eftirlitskerfi félagsins eru til staðar þrjár varnarlínur. Stjórnendur og starfsmenn mynda fyrstu varnarlínu í daglegri starfsemi. Þar er um að ræða eftirlitsaðgerðir og frávikaskráningu. Áhættustýring, tryggingastærðfræðingur og regluvarsla mynda aðra varnarlínu með stjórnendaeftirliti, skipulegri vöktun og ráðgjöf. Þar er sannreynt og staðfest að eftirlitskerfið sé virkt og séð til þess að starfsfólk starfi í samræmi við lög og reglur og fylgi innri reglum. Þriðja varnarlínan tekur til innri endurskoðunar sem starfar í umboði og á ábyrgð stjórnar sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu og hversu vel þær sinna hlutverki sínu.

Ábyrgð á innra eftirliti Varðar skiptist með eftirfarandi hætti:

- Stjórn ber ábyrgð á innra eftirliti félagsins og jafnframt á að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt og skjalfest
- Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits
- Forstjóri og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á daglegri framkvæmd og viðhaldi innra eftirlits sem og að starfsfólk sé upplýst og meðvitað um innra eftirlit félagsins

Áhersla er lögð á virkt innra eftirlit, það er formfast, skjalfest, reglubundið og sannreynt. Innra eftirlit birtist meðal annars í gæðahandbók á innri vef félagsins, en þar eru verklagsreglur, verklýsingar og leiðbeiningar skráðar. Það hvílir öðru fremur hjá starfsmönnum þó endanleg ábyrgð sé hjá stjórn og stjórnendum og er mótað af því umhverfi sem endurspeglast í stjórnskipulagi og stjórnunarháttum félagsins.

Áhættustýring er eitt af lykilstarfssviðum vátryggingafélaga. Stjórn Varðar hefur sett félaginu stefnu um áhættustýringu til þess að tryggja samhæfða áhættustýringu félagsins. Áhættustýring felur í sér að greina, mæla, stýra og hafa eftirlit með áhættum félagsins. Í stefnunni eru helstu áhættur sem félagið stendur frammi fyrir tilgreindar og áhættuvilji stjórnar skilgreindur fyrir einstakar áhættur. Félagið framkvæmir sjálfsáhættumat (Risk Control Self Assessment, RCSA) árlega og mótar áherslur í áhættustýringu af niðurstöðum þess. Þá framkvæmir félagið eigið áhættu- og gjaldþolsmat (Own Risk and Solvency Assessment, ORSA) árlega í samræmi við Solvency-II tilskipun ESB og kröfur vtsl. Eigið áhættumat er framkvæmt í samræmi við ORSA-stefnu félagsins og það skilar Fjármálaeftirlitinu upplýsingum um niðurstöður matsins. Niðurstöður ORSA veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um viðnámsþrótt og fjárhagsþörf félagsins miðað við gefnar forsendur. Matið tekur mið af stöðu félagsins á hverjum tíma og forsendum yfir þriggja ára áætlunartímabilið. Niðurstöður ORSA eru hafðar til hliðsjónar við allar stefnumarkandi ákvarðanir sem teknar eru.

Regluvarsla er annað lykilstarfssvið vátryggingafélaga og er ráðgefandi fyrir stjórn þegar kemur að því að tryggja fylgni við lög, reglugerðir, stefnur og reglur. Verkefnum regluvörslu er útvistað til Arion banka hf. Stjórn hefur sett hlítingarstefnu fyrir Vörð og eitt meginhlutverk regluvarðar sem þáttur í innra eftirliti er að draga úr hlítingaráhættu með skilvirkum aðgerðum.

Tryggingastærðfræðingur er þriðja lykilstarfssviðið. Starfssviði tryggingastærðfræðings var á árinu 2025 útvistað til Aktuariegruppen í Svíþjóð. Helstu verkefni tryggingastærðfræðings eru að reikna út og meta vátryggingaskuld, veita álit á áhættutöku og áhættu við gerð endurtryggingasamninga og meta áhrif þessara þátta á vátryggingaskuld félagsins. Einnig aðstoðar hann við iðgjaldaútreikning og áhættumat eftir þörfum.

Innri endurskoðun er fjórða lykilstarfssviðið. Henni er útvistað til innri endurskoðunar Arion banka hf. Helsta hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta þannig rekstur félagsins.

Stefna um sjálfbærni

Vörður hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og gefur að auki út sjálfbærniskýrslu sem unnin er samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq Íslands. Lögð er áhersla á þá málaflokka inna UFS sem félagið getur haft mest áhrif á og eru viðeigandi og mikilvægir fyrir kjarnastarfsemi félagsins.

Það er stefna Varðar að vinna af heilindum að sjálfbærnimálum og hafa jákvæð áhrif á hagaðila með því að gæta að beinum og óbeinum umhverfis- og félagslegum áhrifum í starfsemi sinni og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Markmið Varðar er að rekstur félagsins sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og er ekki eingöngu horft til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarhátta.

Stefnu Varðar og skýrslu um sjálfbærni má finna á vefsíðu félagsins, www.vordur.is.

Verði er umhugað um persónuvernd og réttindi viðskiptavina í því efni. Vörður hefur sett sér persónuverndarstefnu sem finna má á heimasíðu félagsins og þar kemur fram hvernig Vörður vinnur persónuupplýsingar með sanngjörnum, lögmætum og gagnsæjum hætti. Persónuverndarstefnan segir enn fremur til um hvaða upplýsingar eru geymdar og í hvaða tilgangi, hvert persónuupplýsingum kann að verða miðlað og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Persónuverndarfulltrúi er samnýttur með móðurfélaginu Arion banka og hægt er að hafa beint samband við hann um persónuverndarmál.

Brot á lögum reglum, dómar eða stjórnvaldsúrskurðir

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi. Engar ákvarðanir eftirlits- og/eða úrskurðaraðila, um brot á lögum eða reglum, hafa á árinu 2025 varðað starfsemi félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn Varðar trygginga hf. á stjórnarfundi 22. janúar 2026.

.

Vörður vinnur af heilindum að sjálfbærnimálum og vill hafa jákvæð áhrif á þróun málaflokksins út í samfélagið. Félagið vill vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, samfélagi og ábyrgum stjórnarháttum. Þannig stendur Vörður vörð um samfélagið.

Skýrsla þessi er sett fram í samræmi við 66. d. gr. laga nr. 3/2006 og lágmarkskröfur um upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, félags- og stjórnarhátta. Styðst hún við Nasdaq UFS-leiðbeiningar (útgáfa 2.0) og GHG Protocol. Ítarlegt efni og nánari sundurliðanir er að finna á vef félagsins: **vordur.is/sjálfbærni.Vörður**

Viðskiptalíkan

Vörður er alhliða tryggingafélag sem þjónustar jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og leggur áherslu á einföld og þægileg viðskipti. Félagið þjónar yfir 71 þúsund viðskiptavinum, 64 þúsund einstaklingum og 7 þúsund fyrirtækjum.

Markmið félagsins er að rekstur þess sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi, að ekki sé eingöngu horft til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta. Viðskiptalíkan Varðar byggir á ábyrgri áhættustýringu, vandaðri verðlagningu og skilvirkri tjónameðferð og með mikla áherslu á forvarnir. Á öllum stigum er horft til áhrifa á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti.

Samstarf Varðar og Arion banka hefur aldrei verið öflugra. Þjónusta Varðar er nú aðgengileg í sjö sameiginlegum útibúum og viðskiptavinir samstæðunnar njóta góðs af samþættu fríðindakerfi og endurgreiðslum til tjónlausra viðskiptavina. Bankatryggingavegferð Varðar með Arion hélt áfram á árinu sem lesa má nánar um í umfjöllun árs – og sjálfbærniskýrslu Arion.

Stefna

Vörður starfar samkvæmt samþykktum stefnum á sviði umhverfis-, samfélags- og stjórnarhátta og vinnur samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum innan samstæðu Arion banka. Lögð er áhersla á ábyrga viðskiptahætti, gagnsæi og heilindi í allri upplýsingagjöf.

Félagið beitir kerfisbundnum áreiðanleikakönnunum yfir lykilsvið UFS:

- **Umhverfi:** árlegt loftslagsáhættumat, endurskoðun losunargagna (Scope 1–3) og birgjamat með áherslu á orkunotkun og úrgang.
- **Mannréttindi og samfélagsábyrgð:** kröfur um siðareglur birgja, jafnrétti og vinnuvernd; virkt ábendingakerfi og málsmeðferð í samræmi við lög og samstæðureglur.
- **Stjórnarhættir:** spillingarvarnir, persónuvernd, upplýsingaöryggi (ISO 27001) og áhættumiðað eftirlit með þriðju aðilum.

Jafnrétti, mannréttindi og ábyrg mannauðsstjórnun eru mikilvægir þættir í starfsemi Varðar. Félagið leggur áherslu á sanngjarna starfshætti og að rækta mannauð sinn með markvissum hætti. Ábyrgir stjórnarhættir, ásamt persónuvernd og öryggi upplýsinga, eru lykilforsendur trausts rekstrar og eru samþættir verklagi og eftirliti félagsins.

Í umhverfismálum vinnur Vörður að aukinni samþættingu loftslagstengdrar áhættu í starfsemi sína. Félagið leitast við að draga úr neikvæðum loftslagsáhrifum starfsemi sinnar, eftir því sem við á. Umhverfisáhætta er í vaxandi mæli tekin inn í áhættumat og fjárfestingagreiningar.

Virðiskeðja Varðar byggir á siðlegum og ábyrgum gildum, þar sem litið er til áhrifa starfsemi félagsins á hagsmunaaðila, þar á meðal viðskiptavini, starfsfólk, samstarfsaðila og samfélagið í heild. Félagið leitast við að stuðla að ábyrgum starfsháttum í virðiskeðjunni og lágmarka möguleg neikvæð áhrif.

Vörður fylgist markvisst með samfélagslegum, lýðfræðilegum og loftslagstengdum breytingum sem geta haft áhrif á trygginga og fjárfestingasafn félagsins og rekstur þess til lengri tíma. Þessir þættir eru metnir í samhengi við UFS áhættu og eru nýttir til að styðja við áhættustýringu og upplýsta ákvarðanatöku í starfsemi félagsins.

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Stefna Varðar er að starfa af heilindum í sjálfbærnimálum og stuðla að jákvæðum áhrifum á hagaðila. Áhersla er lögð á að greina og lágmarka bein og óbein neikvæð áhrif á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti, meðal annars með stuðningi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vörður og Arion hafa styrkt samstarf sitt á sviði sjálfbærni með samræmdum markmiðum og sameiginlegri afstöðu til umhverfis- og samfélagsábyrgðar. Samstarfið byggir á nýtingu sameiginlegra auðlinda og sérfræðiþekkingar, tryggir aukna skilvirkni og fylgni við reglugerðir og stuðlar að jákvæðum áhrifum á samfélag og umhverfi. Þessi sameiginlega skuldbinding endurspeglar langtímahugsun og leggur grunn að varanlegum árangri.

Innan samstæðu Arion er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði sjálfbærni, og Vörður tekur virkan þátt í þessum aðgerðum. Vörður á áheyrnarfulltrúa í sjálfbærninefnd Arion banka sem tryggir samhljóm innan sjálfbærnimálaflokks samstæðunnar. Þær ná meðal annars til daglegs reksturs, starfsstöðva, mannauðsmála, aðfangakeðju og útvistunar. Vörður leggur áherslu á eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem þau eiga best við kjarnastarfsemi félagsins.

Heimsmarkmið númer 3 - Heilsa og vellíðan. Með öflugum forvörnum eru viðskiptavinir Varðar og almenningur hvattir til að huga að heilsu sinni og vellíðan. Undirmarkmið 3.6 felur í sér að fækka slysum í umferðinni.

Heimsmarkmið númer 5 - Jafnrétti kynjanna. Jafnrétti er félaginu hjartans mál og mun Vörður halda áfram að tala fyrir jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins. Undirmarkmið 5.1 felur í sér að öll mismunum verði afnumin alls staðar.

Heimsmarkmið númer 8 - Góð atvinna og hagvöxtur. Vörður leggur atvinnulífinu lið með öflugum forvörnum sem tryggja góðar undirstöður atvinnu og hagvaxtar. Undirmarkmið 8.8 felur í sér að stuðla að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk.

Heimsmarkmið númer 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla. Vörður leggur áherslu á sjálfbærni í daglegum rekstri og hefur jafnframt áhrif á birgja sína í gegnum birgjamat. Undirmarkmið 12.6 felur í sér hvatningu um sjálfbæra starfsemi og skýrslugjöf.

Vörður setur markmið og birtir árangur hvað varðar þá þætti sem félagið hefur mest áhrif á með starfsemi sinni, svo sem forvarnir, tjónaviðgerðir og knýjandi samfélagsleg málefni hverju sinni. Árangur í sjálfbærnimálum er birtur árlega. Sjálfbærninefnd Varðar er skipað fulltrúum lykilsviða félagsins og viðeigandi tengiliðum innan Arion. Fundað er ársfjórðungslega þar sem fylgt er eftir markmiðum og aðgerðum félagsins í sjálfbærnimálum.

Árlega er gefin út sjálfbærniskýrsla sem unnin er samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq Iceland auk þess sem útreikningar loftslagsáhrifa eru reiknaðir af þriðja aðila í samræmi við aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Skýrslan er birt á heimasíðu Varðar og er útdráttur helstu þátta tekinn saman í ársskýrslu. Félagið setur sér markmið í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum. Endanleg ábyrgð á upplýsingagjöf hvílir á rekstrarstjóra og eru framvinduskýrslur lagðar fyrir framkvæmdastjórn tvisvar á ári. Með þessu er tryggt að stjórnendur séu upplýstir og taki virkan þátt í ákvarðanatöku um sjálfbærni.

Árið 2023 var löggjöf um flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) lögfest hér á landi. Arion fellur undir lögin og birtir upplýsingar í samræmi við löggjöfina í ársreikningi. Breytingar sem liggja fyrir í einfölduðu sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins ná einnig til flokkunarkerfisins og eru því háðar endanlegu samþykki Evrópusambandsins og innleiðingu í íslensk lög. Skýrslugjöf er því óbreytt milli ára en mun í framtíðinni taka mið af breyttri löggjöf.

Áreiðanleikakönnunarferli

Vörður, sem hluti af Arion samstæðunni, hefur hlotið ISO 27001 vottun um stjórnun upplýsingaöryggis. Lögð er rík áhersla á góða ferla og stöðugar umbætur um upplýsingaöryggi og áreiðanleika upplýsinga.

Vörður beitir kerfisbundnum á könnunum á sviði umhverfismála, mannréttinda og spillingar/mútuvarna, ferlið nær til birgja og útvistunar. Vörður hefur skilgreint markmið og aðgerðir til þess að tryggja að áherslum félagsins á sviði sjálfbærni sé framfylgt. Nánari grein er gerð fyrir því til hvaða aðgerða var gripið hér á eftir. Ítarlegra yfirlit yfir ófjárhagslegar upplýsingar Varðar er jafnframt að finna í sjálfbærniskýrslunni á heimasíðu félagsins, www.vordur.is.

Umhverfisþættir

Vörður leggur áherslu á að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Félagið horfir til skuldbindinga Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagssáttmálum. Félagið styður metnaðarfull áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040. Stærsta áhætta starfseminnar í tengslum við loftslagsbreytingar felst í eigna- og tryggingasafni félagsins.

Með markvissum hætti mun félagið stuðla að aukinni þekkingu starfsfólks á umhverfismálum og að sama skapi styðja við vegferð viðskiptavina í þeim efnum. Magn úrgangs jókst lítillega milli áranna 2024 og 2025. Hins vegar leiða uppfærðir losunarstuðlar, sem Umhverfis- og orkustofnun birti í desember 2025, til þess að reiknuð losun hækkar töluvert á milli ára. Þetta á sérstaklega við um lífrænan úrgang, þar sem breytt aðferðafræði tekur í auknum mæli mið af meðhöndlun úrgangs hjá GAJU.

Megináhættur: áhrif loftslagsbreytinga á trygginga- og eignasafn; losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri og virðiskeðju.

Stjórnun: GHG-útreikningar samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði, skýr markmið um samdrátt, forvarnir og innkaupastefna sem hvetur til viðgerða og endurnýtingar fram yfir skipti.

Markmið til ársins 2030

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af eigin starfsemi (umfang 1 og 2) um 80% m.v. árið 2018 og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur.
- Vinna stöðugt að því að ná betur utan um losun vegna aðkeyptra vara og þjónustu (umfang 3) í starfsemi félagsins.

Markmið 2026

- Hlutfall rúðuviðgerða sé að lágmarki 21%
- Aukið hlutfall samkomulagsbóta á tjónasviði – a.m.k. 20 mál hjá persónutjónum
- Hætta alfarið notkun pappírs í gagnameðhöndlun hjá persónutjónum
- Hlutfall myndsímtala verði 5-10%
- Helstu verktakar á höfuðborgarsvæðinu fái boð í þjónustuskóla Varðar

Árangur 2025

- Með nákvæmari aðferðafræði og betri gagnaöflun næst betri yfirsýn yfir losun frá aðkeyptum vörum og þjónustu (umfang 3), í samræmi við markmið síðasta árs.
- Góður árangur náðist í að auka viðgerðir á framrúðum ökutækja í stað þess að skipta þeim út. Markmiðið var að fara ekki undi 17% á árinu en með markvissum aðgerðum og fræðslu til viðskiptavina og verkstæða tókst að gera enn betur og náði hlutfallið 19%.

U1 – Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun jókst lítillega milli ára vegna uppfærðra losunarstuðla frá Umhverfis- og orkustofnun eða um 2%. Þrátt fyrir það hefur hún dregist saman um tæp 63% frá viðmiðunarárinu 2018. Losun árin 2024 og 2025 er því nánast á sama stigi.

Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu sýnir svipaða þróun, en þar mælist þó 2% aukning milli ára.

U3 – Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Vörður hefur sett sér það markmið að auka hlutfall bílrúðuviðgerða í stað rúðuskipta sem liður í að draga úr umhverfisáhrifum rekstursins og vinnur markvisst að þessum markmiðum með því að hvetja til viðgerða fremur en skipta þegar það er tæknilega mögulegt. Hlutfall rúðuviðgerða hefur þróast jákvætt á undanförnum árum og hækkað úr 13,3% árið 2022í 19% árið 2025. Á árinu 2026 er stefnt að því að hlutfallið hækki enn frekar og nái að lágmarki 21%. Með auknu hlutfalli viðgerða dregur úr hráefnisnotkun og úrgangi, minnkar orkunotkun í framleiðsluferlum og kolefnisspor þjónustunnar lækkar.

Við mat á fasteignatjónum er í mörgum tilvikum nauðsynlegt að fara á vettvang, sem hefur óhjákvæmilega umhverfisáhrif vegna ferðalaga. Markvisst er unnið að því að draga úr slíkum ferðum með aukinni notkun myndsímtala og annarra stafrænna lausna þegar aðstæður leyfa. Tjónamatsmenn ferðast eingöngu á rafknúnum ökutækjum á milli staða, sem dregur úr losun og neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig hefur áherslan í fasteignatjónum í auknum mæli færst yfir í að greiða samkomulagsbætur í stað þess að ráðast í uppbyggingu. Með því má draga úr akstri verktaka og matsmanna á meðan viðgerðir standa yfir, og þar með minnka umhverfisáhrif tengd starfseminni.

Niðurrif og viðgerðir skapa byggingarúrgang. Í samningum við verktaka er kveðið á um að nota skuli viðgerðarefni sem uppfylla viðurkennda staðla (CE, EN eða ETA), með hliðsjón af bæði kostnaðar- og umhverfissjónarmiðum. Jafnframt skal úrgangur endurunninn eftir fremsta megni og honum fargað með ábyrgum hætti í samræmi við umhverfiskröfur.

Þjónustuskóli verktaka hófst í október 2025 og verður framvegis haldinn árlega. Þar er farið yfir umhverfisstefnu Varðar og mikilvægi þess að verktakar fylgi henni í störfum fyrir félagið, þannig að helstu samstarfsaðilar séu upplýstir um áherslur okkar í umhverfismálum.

Forvarnir

Tryggingar eru mikilvægur liður í fjárhagslegu heilbrigði og hefur Vörður einsett sér að vera fremst í forvörnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki með markvissum og tímanlegum skilaboðum sem og fyrirtækjaráðgjöf.

Markmið 2026

Tvöfalda fjölda forvarnaheimsókna frá síðasta ári og heimsækja a.m.k. 80 fyrirtæki

Árangur 2025

- Árið 2025 lagði Vörður mikla áherslu á umferðaröryggi í forvörnum og beindi sjónum að svefni og þreytu í samstarfi við Samgöngustofu og Eimskip. Herferðin „ekki geispa golunni“ fékk góðar viðtökur og jók vitund ökumanna um að aka ekki þreyttir. Yfir sumarið var einnig lögð áhersla forvarnir vegna hraðaksturs, ölvunaraksturs og bílbeltanotkunar. Þá voru gerð fræðslumyndbönd um eldvarnir fyrir jólin, í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja og myndbönd um flugeldaslys.
- Áhættumat og samstarf í forvörnum er stór þáttur í þjónustu við fyrirtæki í viðskiptum. Í heimsóknum er lögð áhersla á skipulag öryggismála og stöðu bruna-, vatns- og innbrotavarna. Í kjölfarið er veitt ráðgjöf um tækifæri til úrbóta. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir og er áformað árið 2026 að tvöfalda fjölda forvarnarheimsókna til viðskiptavina

Félagslegir þættir

Á liðnu ári var mannauðsstefna Arion samstæðunnar uppfærð. Stefnan hefur um árabil verið samsett úr sex þemum sem eru leiðarljós okkar í mannauðsmálum og eiga það sameiginlegt að stuðla að ánægju starfsfólks, vexti þess og helgun. Mannauðsstefnan, aðrar stefnur sem tengjast mannauðsmálum ásamt markmiðum og aðgerðum ná til alls starfsfólks samstæðunnar.

Mannauðsstefnan hefur sex meginþemu sem kjarna okkar áherslur: Rétta fólkið, stöðug þróun og fræðsla, árangursdrifin menning, ánægja, líðan og samskipti, öflug forysta, og skýr sýn í jafnréttismálum.

Markmiðið er að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk og efla það í faglegum og persónulegum vexti. Vörður vill skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og styðja við starfsfólk sitt. Lögð er áhersla á að skapa jöfn tækifæri sem og árangursdrifna vinnustaðamenningu. Vörður leggur mikinn metnað í að viðhalda góðum starfsanda og starfsánægju. Upplifun starfsfólks af starfsumhverfinu er mæld reglulega og fylgst er með líðan þess á vinnustaðnum. Varðar-vísitalan er könnun sem send er á allt starfsfólk annan hvern mánuð. Niðurstöður eru rýndar af mannauðsteymi og stjórnendum með það að markmiði að fá innsýn í styrkleika og áskoranir hvers teymis fyrir sig. Einnig getur starfsfólk komið ábendingum hratt og örugglega á framfæri í gegn um vísitölukönnunina.

Samhliða því að byggja upp sterka og styðjandi vinnustaðamenningu leggur Vörður áherslu á að áhrif félagsins nái einnig út fyrir eigin starfsemi og til samfélagsins í heild. Við lítum svo á að ábyrgð okkar í mannauðsmálum og velferð snúi ekki einungis að starfsfólki heldur einnig að þeim samfélögum sem við erum hluti af og þjónustum.

Þessi sýn birtist meðal annars í þróun lausna og fræðslu sem styðja einstaklinga á viðkvæmum lífsskeiðum og stuðla að auknu öryggi, jafnræði og fjárhagslegri seiglu. Með því að samþætta félagslega þætti inn í vöruframboð, fræðslu og samfélagsverkefni leitast Vörður við að hafa jákvæð áhrif á líf einstaklinga og fjölskyldna og efla meðvitund um málefni sem snerta velferð og réttindi.

Þannig endurspeglast áherslur félagsins á líðan, jafnrétti og ábyrg samskipti ekki aðeins í innra starfsumhverfi heldur einnig í virkri þátttöku í samfélaginu, þar sem markmiðið er að styðja við öryggi, fræðslu og raunverulegan stuðning þegar á reynir.

Megináhættur: mannréttindabrot í virðiskeðju, jafnréttis- og fjölbreytileikamálefni, hæfni og heilsa starfsfólks.

Stjórnun: jafnlaunavottun og regluleg launagreining, fræðsla og mælingar á líðan og starfsumhverfi; kröfur til birgja um siðareglur og vinnurétt.

Markmið til 2027

- Að hlutfall miðgildis heildarlauna karla og kvenna sé ekki hærra en 1,25.
- Að niðurstöður í könnun um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sé að lágmarki 4,2.
- Að fæðingarorlofsréttur verði nýttur að jöfnu óháð kyni
- Að fræðsluvísitala sé 100%.
- Leitast skal við að auglýsa störf í þeim tilgangi að veita jöfn tækifæri óháð kyni, fötlun, aldri og annarri stöðu.
- Starfsfólki þekki stefnu sem og forvarnar- og viðbragðsáætlun í EKKO málum.
- Stuðningsleyfi verður hluti af öllum slysatryggingum svo atvinnurekendur geta veitt starfsfólki stuðning þegar unnið er úr afleiðingum heimilisofbeldis
- Þróun á nýjum vörum sem eru sérstaklega hannaðar til að styðja við einstaklinga á viðkvæmum tímum, með áherslu á heilbrigðismál kvenna og sértækar lausnir sem auðvelda lífið þegar á reynir.

Árangur 2025

- Hlutfall miðgildis heildarlaunagreiðslna karla og kvenna var 1,07 en markmiðið var að undir 1,25.
- Niðurstaða könnunar um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs er yfir markmiðum og endaði í 4,63.
- Öllu starfsfólki, óháð kyni eru tryggð, að jafnaði 80% laun í fæðingarorlofi að teknu tilliti til viðmiðunarreglna fæðingarorlofssjóðs á hverjum tíma.
- Fræðsluvísitala Varðar var 99,5% sem þýðir að mikill meiri hluti starfsfólks lauk fræðslu um stefnurnar samkvæmt markmiðum.
- Leitast skal við að auglýsa störf í þeim tilgangi að veita jöfn tækifæri óháð kyni, fötlun, aldri og annarri stöðu. Af 20 ráðningum á árinu hjá Verði voru 15 störf auglýst eða 75%
- Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi var bætt við heimilistryggingar
- Meðgönguvernd var bætt við sjúkdómavernd til að styrkja öryggi og vellíðan einstaklinga
- Konur fjárfestum – fræðsluátak í samvinnu við Arion banka sem 2000 konur hafa sótt
- Sálfræðiaðstoð í barnatryggingum framlengd til 26 ára aldurs
- Fjárhæð dánarbóta barns hækkuð í líftryggingum til að veita aukinn stuðning

F2 – Velferð og öryggi einstaklinga og starfsfólks

Vörður hefur verið með jafnlaunavottun frá árinu 2014. Niðurstöður jafnlaunavottunnar sýndu að óútskýrður launamunur kynjanna mælist 0,2% á árinu. Niðurstöðurnar eru góðar og í takt við markmið. Til viðbótar við árlega jafnlaunaúttekt eru framkvæmdar mánaðarlegar jafnlaunagreiningar til að fylgjast með að launaákvarðanir séu í takt við jafnlaunastefnuna og markmið.

Það er ábyrgð okkar allra að vinna gegn ofbeldi og enginn stendur þar fyrir utan. Á árinu 2025 var Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi bætt við allar heimilistryggingar Varðar, með það að leiðarljósi að styrkja öryggi og velferð einstaklinga. Lögð er áhersla á að fræðsla fylgi innleiðingunni svo fyrirtæki geti mótað stefnu sem styður bæði einstaklinga og samfélagið. Samhliða nýrri vernd verður hvatt til þekkingar á merkjum ofbeldis og viðbrögðum við því, meðal annars með aðgengilegu efni á heimasíðu sem nýtist á vinnustöðum og í nærumhverfi. Markmiðið er að auka stuðning við þolendur og hafa raunveruleg áhrif.

Hjá Verði trúum við því að enginn eigi að standa einn á krefjandi tímamótum lífsins. Meðganga getur bæði verið gleðileg og krefjandi, og með Meðgönguvernd til viðbótar við sjúkdómavernd viljum við styrkja öryggi og vellíðan einstaklinga á þessum mikilvæga lífsskeiði.

Verndin er hugsuð til að draga úr fjárhagslegu og tilfinningalegu álagi og tryggja að fólk fái þann stuðning sem það þarf. Samhliða leggjum við áherslu á fræðslu, svo það sé betur stutt við barnshafandi einstaklinga og umhverfi skapað sem einkennist af virðingu og vellíðan. Það er sameiginleg ábyrgð samfélagsins að tryggja örugga og heilsusamlega meðgöngu. Með þessari vernd vill Vörður leggja sitt af mörkum og styðja fjölskyldur þegar mest á reynir.

Undir lok síðasta árs hóf Vörður markvissa vegferð í fræðslu fyrir konur. Síðan þá hafa forsvarskonur félagsins haldið erindi fyrir yfir 2.000 konur um mikilvægi trygginga, aðallega í gegnum Konur fjárfestum, fræðsluátak Arion banka. Viðfangsefni Varðar á viðburðunum hafa verið tryggingar sem snúa að heilsu, fasteignum og fyrirtækjarekstri kvenna. Tryggingaerindin hafa fengið jákvæð viðbrögð og styðja vel við þá mikilvægu fjármálafræðslu sem Konur fjárfestum veitir.

F4 – Fjölbreytileiki

Vörður leggur áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti í öllum störfum hjá félaginu. Haldið var áfram vinnu að þeim fjölmörgu verkefnum sem styðja við markmið um inngildingu. Sem dæmi má nefna vitundarvakningu og fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur um inngildingu og mikilvægi fjölbreytileika í hópi starfsfólks og gerð aðgerðaráætlunar um mögulegar úrbætur á starfsumhverfinu svo að vinnuaðstaðan henti öllum. Einnig hefur stuðningur við starfsfólk af erlendum uppruna verið aukinn með því að bjóða því uppá starfstengt íslenskunám og aðgengi að smáforritinu Bara tala.

Í aðgerðaráætlun í jafnréttismálum hafa verið sett fram markmið sem snúa að inngildingu og fjölbreytileika. Eitt af þeim markmiðum er að mælingar á inngildingu séu yfir landsmeðaltali í inngildingarkönnun Öldu. Slík könnun er framkvæmd annað hvert ár, síðast árið 2024 og var inngildingarvísitalan þá yfir landsmeðaltali. Næsta könnun verður framkvæmd árið 2026.

F6 – Aðgerðir gegn mismunun

Það er stefna Varðar að virða mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Unnið er eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu ásamt aðgerðaráætlun sem gildir fyrir tímabilið 2024-2027. Stefnan og aðgerðaráætlunin eru samþykktar af æðstu stjórnendum Arion samstæðunnar. Jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks úr öllum félögum samstæðunnar ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan hennar. Vörður leggur ríka áherslu á að samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og að starfsfólki líði vel.

F8 – Hnattræn heilsa og öryggi

Verði er umhugað um heilsu starfsfólks og er lögð áhersla á að skapa öruggt og heilsueflandi starfsumhverfi, tryggja að lögum um heilsu og öryggi starfsfólks sé fylgt og sýna stuðning með forvörnum og heilsueflingu til framtíðar. Á seinni hluta árs var heilsu- og öryggisstefnan uppfærð. Ný stefna inniheldur markmið um heilsu, öryggi og velferð starfsfólks, megináherslur, áhættuþætti, forvarnir og mælingar.

Vörður hefur sett sér skýr markmið um að vera fjölskylduvænn vinnustaður og gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Boðið er upp á sveigjanlegt starfsumhverfi og fjarvinnustefnu og félagið leggur sig fram um að mæta þörfum starfsfólks þegar kemur að því að sinna fjölskylduábyrgð. Allt starfsfólk er einnig hvatt til að nýta áunnið orlof og vinnutímastyttingu.

Stjórnarhættir

Stjórnarháttum Varðar er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila. Vörður leggur ríka áherslu á ábyrga stjórnarhætti og gegnsætt verklag í allri starfsemi sinni. Stjórnarhættir félagsins byggja á viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti, skýrri ábyrgðarskiptingu og faglegri ákvarðanatöku sem stuðlar að heilbrigðu rekstrarumhverfi og traustri áhættustýringu. Góðir stjórnarhættir leggja enn fremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa samfélagsleg verðmæti.

Vörður hefur árlega frá árinu 2019 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Það eru Stjórnvísi, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi sem standa að viðurkenningunni.

Umfjöllun um lagaramma þann sem um starfsemina gildir og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti félagsins má finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt á heimasíðu félagsins og í ársskýrslu þess.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Í ársbyrjun 2026 tók gildi ný reglugerð frá Evrópusambandinu sem hefur það að markmiði að styrkja stafrænan viðnámsþrótt fjármálageirans (Digital Operational Resilience Act, DORA). Reglugerðin setur skýrar og samræmdar kröfur um öryggi, áhættustýringu, viðbragðsáætlanir, prófanir og eftirlit tengt upplýsingatækni hjá fjármálafyrirtækjum og þjónustuveitum þeirra. Innan Arion hefur mikið verið lagt upp úr innleiðingu reglugerðarinnar og ýmsar breytingar er varða birgja hafa verið innleiddar. Í þessu samhengi hafa verið kynntar nýjar reglur um þriðju aðila þar sem fram kemur að þeir eru nú flokkaðir í fimm flokka eftir mikilvægi. Eftirlit með birgjum verður umfangsmeira eftir því sem birginn telst vera mikilvægari fyrir rekstur og þjónustu við viðskiptavini.

Megináhættur: spilling og ólögmætir viðskiptahættir; upplýsingaöryggi og rekstrarþol (DORA)

Stjórnun: siðareglur og fræðsla, áhættumiðað birgjamat og eftirlit með þriðju aðilum, ISO 27001 og stöðug umbótavinna.

Markmið 2026

- Að allt starfsfólk ljúki skyldufræðslu, m.a. um siðareglur, upplýsingaöryggi, varnir gegn peningaþvætti og persónuvernd.
- Að a.m.k. 90% nýrra birgja sem gera samning við félagið hafi farið í gegnum birgjamat þar sem frammistaða í umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum er metin og að sama hlutfall nýrra birgja hafi samþykkt siðareglur félagsins.
- Innleiðing viðeigandi löggjafar og skýrslugjöf í samræmi við lög.

Árangur 2025

- Markmið ársins var að allt starfsfólk lyki skyldufræðslu. Fræðsluvísitala Varðar endaði í 99,5%, sem er til marks um að meirihluti starfsfólks lauk fræðslu.
- Engir nýir birgjar voru teknir inn á árinu, heldur voru samningar einungis endurnýjaðir við núverandi birgja sem hafa farið í gegnum birgjamat.
- Innleiðing á viðeigandi löggjöf er í vinnslu og á góðri leið.

S1 – Kynjahlutfall í stjórn

Kynjahlutfall í stjórnum Varðar trygginga og Varðar líftrygginga er í takt við jafnréttis- og mannréttindastefnu samstæðunnar. Að auki er gætt að lögbundnum kynjahlutföllum í stjórnum fyrirtækja.

S2 – Óhæði stjórnar

Meirihluti stjórnarmanna skulu vera óháður félaginu og félögum innan sömu félagasamstæðu en sú krafa er í lögum um vátryggingastarfsemi. Að auki fylgir Vörður leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja.

S3 - Kaupaukar

Í lok árs samþykkti stjórn Varðar kaupauka fyrir fastráðið starfsfólk sem byggir á skýrum markmiðum félagsins. Á árinu 2026 eru bæði fjárhagslegir og ófjárhagslegir mælikvarðar hluti af kerfinu en þeir ófjárhagslegu tengjast meðal annars árangri sem snýr að ánægju viðskiptavina, fræðslu og jafnréttismálum.

S5 – Siðareglur birgja

Birgjar staðfesta siðareglur við undirritun samnings. Lögð hefur verið áhersla á að nýir, samningar við fyrirtækið sem vega þungt í umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi sinnar, skrifi undir siðareglur félagsins.

Á árinu 2026 mun birgjamat taka breytingum í takt við breyttar ytri kröfur um þjónustu þriðja aðila. Nálgunin verður áhættumiðuð með aukinni áherslu á öryggi og rekstrarþol, áfram verður horft til umhverfisáhrifa, jafnréttis, vinnuréttar og annarra lykilþátta sjálfbærs og ábyrgs reksturs.

S6 – Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

Allt starfsfólk undirritar siðareglur og staðfestir með því ætlun sína að framfylgja þeim. Siðareglurnar endurspegla hvernig starfsfólk hagar samskiptum sínum við viðskiptavini, samstarfsfólk, eftirlitsstofnanir, hluthafa, birgja, samkeppnisaðila sem og samfélagið allt. Tilgangur siðareglna er að vinna að sjálfbærni, stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Verði. Félagið stundar heiðarleg og ábyrg viðskipti þar sem hvers konar mútur eða spilling er hvorki viðhöfð né liðin. Starfsfólk staðfestir í gegnum siðareglur félagsins viðskiptahætti án spillingar.

S7 – Persónuvernd

Stjórn Varðar hefur sett félaginu öryggisstefnu en hún hefur það að markmiði að stuðla að öruggu og traustu umhverfi viðskiptagagna. Vörður er vottað samkvæmt ISO 27001, stjórnkerfi um upplýsingaöryggi, og starfar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um rekstur upplýsingakerfa. Fyllsta öryggis er gætt við meðhöndlun persónuupplýsinga sem félaginu eru veittar og lýsir einnig persónuverndaryfirlýsing ábyrgri meðhöndlun persónuupplýsinga.

S9 – Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Vörður setur sér markmið og aðgerðir til þess að fylgja eftir framkvæmd sjálfbærniyfirlýsingar félagsins.

S10 – Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila

KPMG ehf. aðstoðaði við útreikninga á losun og uppsetningu í samræmi við GHG Protocol og Nasdaq UFS. Vinnan fól ekki í sér endurskoðun eða óháða staðfestingu samkvæmt alþjóðlegum staðfestingar stöðlum.

Lágmarksverndarráðstafanir

Til að vátryggingastarfssemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem snúa að mannréttindum, spillingu og mútuþægni, skattamálum og samkeppnismálum. Stefnur félagsins, sem vísað er í hér að neðan, má finna á heimasíðu þess, www.vordur.is/vordur.

Mannréttindi

Arion samstæðna þ.m.t. Vörður hafa sett sér jafnréttis- og mannréttindastefnu. Stefnunni er ætlað að tryggja virðingu við mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Í stefnunni er lögð áhersla á að skapa umhverfi þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tillits til þjóðernisuppruna, kynþáttar, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar eða annarrar stöðu. Hvers kyns mismunun er í andstöðu við stefnu þessa og óheimil samkvæmt lögum. Þá hefur félagið einnig sett sér reglur um vernd uppljóstrara sem settar voru með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara.

Varnir gegn mútum og spillingu

Vörður hefur sett sér siðareglur. Í þeim er gerð grein fyrir siðferði í viðskiptum, þar á meðal að félagið skuli ávallt vinna gegn spillingu, þ.m.t. mútum, kúgun og fjársvikum. Gildandi stefna um hagsmunaárekstra og sviksemi, sem er samþykkt af stjórnum Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf., segir að Vörður skuli tryggja að stjórn og starfsmenn félagsins starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum, með hag umbjóðenda fyrir augum sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfssemi.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Árið 2020 samþykkti Evrópusambandið nýjar reglur sem búa til samræmdan ramma eða flokkunarkerfi sem er ætlað að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvort hún telst umhverfislega sjálfbær, byggt á viðmiðum í reglunum. Í kjölfarið tók gildi árið 2023 sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem meðal annars gerir félaginu skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy).

Í viðauka við ársreikning samstæðu Arion banka má finna almenna umfjöllun um flokkunarreglugerðina, innleiðingu hennar hér á landi og þá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 um loftslagmál (Climate Delegated Act) eru skilgreind tæknileg matsviðmið fyrir umhverfismarkmið til mildunar loftslagsbreytinga og aðlögunar að loftslagsbreytingum, sem eiga við um hluta starfsemi Varðar. Viðmiðin sem eiga við í umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar lúta að starfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær og felur í sér vernd gagnvart skilgreindum loftslagstengdum hættum eins og ofsavindum, fárviðri og jarðvegsrofi. Vörður framkvæmdi hæfnismat á vátryggingavörum samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 (loftslagsmarkmið). Með hliðsjón af tæknilegum matsviðmiðum reyndist engin vara uppfylla skilyrði til birtingar sem hæf á árinu.

Tafla 1

Engin trygging félagsins var metin til þess fallin að heyra undir reglugerðina.

Atvinnustarfsemi (1)	Heildariðgjöld árs (3)	Hlutfall iðgjalda, árs (4)	Hlutfall iðgjalda -5	Áð lög un að loft -6	Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH)					
					Mótvægingar (7)	Vatnsloftslagsbreytingar (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Mengun (10)	Líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfi (11)	Lágvægisafnir (12)
A.1. Skaðatryggingar og endurtryggingar starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (umhverfissjálfbær)	0	0%								
A.2 Starfsemi sem er gjaldgeng en fellur ekki að flokkunarkerfinu	0	0%								
A.2 Skaðatryggingar sem falla að flokunarkerfinu	0	0%								
A.2.1 Þar ef endurtryggð	0									
Alls (A.1 + A.2)	0	0%								
B Starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu	20,780,469,334									
B Vátryggingarstarfssemi sem er ekki gjaldgeng	20,780,469,334	100%								
Alls (A + B)	20,780,469,334	100%								

Vörður

Vörður tryggingar . Borgartúni 19 . 105 Reykjavík . www.vordur.is